

MOSFELLINGUR

15. tbl. 6. árg. föstudagur 30. nóvember 2007. Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Mosfellsbæ, á Kjalarnesi og í Kjós



BEDIÐ EFTIR JÓLUNUM

Mynd/Magnús Már

EIGN VIKUNNAR

Hulduhlíð - 3ja herb.



Flott 84,1 m², 3ja herbergja endaíbúð á 2. hæð í litlu 2ja hæða fjölbýli við Hulduhlíð 11 í Mosfellsbæ. Verð 23,9 m.

Kjarna,
Pverholti 2
Mosfellsbæ
586 8080
www.fastmos.is



Sjá nánar á bls. 3

**Fasteignasala
Mosfellsbæjar**



Einar Páll Kjærnested
Löggiltur fasteignasali



MOSFELLSBAKARÍ

RÉTTINGAVERKSTÆÐI

Jóns B. ehf

Flugumýri 2 Mosfellsbæ
Símar: 566 7660 og 697 7685
jonrett@internet.is



Vottað verkstæði

CABAS
tjónaskoðun

Þjónustuverkstæði - útvegum bílaleigubíla



MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is
www.mosfellingur.is

Útgefandi: Mosfellingur ehf.
Skeljatangá 39, sími: 694-6426
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Hilmar Gunnarsson
Blaðamaður: Ruth Örnólfsdóttir
Umbrot og hönnun: Mosfellingur
Próförk: Hjördís Kvaran Einarisdóttir
Ljósmyndari: Magnús Már Haraldsson
Prentun: Prentmet, 3500 eintök

Aðsendar greinar skulu ekki
vera lengri en 500 orð.

**Mosfellingur kemur út að
jafnaði á þriggja vikna fresti.**

Næsta blað kemur út 21. des.

Mosó - bezt í heimi?

Samkvæmt árlegum lista Þróun-
arstofnunar Sameinuðu þjóðanna
er Ísland í efsta sæti þar sem mat
er lagt á lífsgæði. Noregur deilir
með okkur efsta sætinu þannig að



við búum víst við bestu
mögulegu lífsskjör. Nú
hef ég bæði búið í
Noregi og á Íslandi og
þannig að ég hef verið
svo heppinn að
búa alltaf við
góð lífsgæði.
Svo er
auðvitað
best að
búa í
Mos-

Hilmar Gunnarsson, ritstjóri

fellsbæ þannig að við ættum að
lifa hér við bestu skilyrði í heimi
og enn er verið að reyna bæta
þau. Við ættum því lítið að geta
kvartað. Samt stöndum við okkur
alltaf að því að berjast í hinu eilífa
lífsgæðakapphlaupi. Kannski það
sé að skila okkur svona góðum
árangri á þessum vettvangi?

Það kemst enginn með tærnar
þar sem við höfum hælana. Njót-
um þess meðan við getum, ekki síst
nú í jólamánuðinum sem framund-
an er og grípum jólaandann á lofti.

Munið svo að versla í heima-
byggð og styrkja og stuðla þannig
að bættri þjónustu í okkar págu.
Stöndum saman í baráttunni.



Í ÞÁ GÖMLU GÓÐU...

...þegar Mosfellsveit var hersetin
Breskur her steig á land í Reykjavík
hinn 10. maí 1940 og haslaði sér völl
á óbyggðum svæðum í Mosfellsveit.
Í sveitinni reisti hernámsliðið
nokkur braggahverfi og varðskýli á
fellum sveitarinnar.
Árið 1941 tók Bandaríkjaher við
vörnum landsins og nýir hermenn
þustu upp í Mosfellsveit.
Þrátt fyrir náðýlið við hernámsliðið
gekk sambýlið oftast vel.
Á myndinni má sjá bandaríska
hermenn koma sér fyrir í Jefferson-
ville við Hafravatn árið 1941. Þar
voru birgða- og skotfæragæmslur
og einnig bílastæði. Eins og sést á
myndinni kom veðurfar á Íslandi
hernámsliðinu oft í opna skjöldu.



HÉÐAN OG ÞÁÐAN



FERSKT BLÓÐ

Álafosskórinn vill bæta við sig fersku
og áhugasömu söngfólki í allar raddir.
Öflugt félagsstarf.
Góður andi.

Upplýsingar gefur Helgi R. Einarsson
í síma 868-9790



www.fastmos.is
Sími: 586 8080

**Kjarna, Þverholti 2
Mosfellsbæ**

EINAR PÁLL KJÆRNESTED
Löggiltur fasteignasali



Hafravatn – 45 m² hús – 2.040 m² lóð

NÝTT Á SKRÁ

Til sölu 44,8 m² sumarhús á 2.040 m² eignarlóð í sumarhúshverfi við Hafravatn í Mosfellsbæ. Húsið er byggt árið 1979 og barnast endurbóta, en samþykkt deiliskipulag gerir ráð fyrir allt að 70 m² frístundahúsi á lóðinni. Töluverður trjágróður eru á lóðinni þetta er kjörð tækifæri fyrir þá sem vilja eignast húsnæði á þessum frábæra stað – þetta er sannarlega sveit við borg.

Verð 18,4 m.



Prastarhöfði – Nýtt 250 m² einbýlishús

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá glæsilegt 250 m² einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr við Prastarhöfða 16 í Mosfellsbæ. Húsið er einangrað að utan og klætt með flisum og harðvið. Mikil loft hæð í húsinu sem setur sterkan svip á hönnun þess. Íbúðin er fallega innréttað með hvítum innréttingum og eikaparketi og flisum á gólfum. 4 stór svefnherbergi, 2 baðherbergi, stórt þvottahús og 44 m² bílskúr. Flott sundlaug, World Class, skóli og golfvöllur í innan við 100 metra fjarlægð. **Verð 76,9 m.**



Hulduhlíð – 3ja herb.

Til sölu 84,1 m², 3ja herbergja endaíbúð á 2. hæð í litlu 2ja hæða fjölbýli við Hulduhlíð 9 í Mosfellsbæ. Í íbúðinni eru tvö rúmgóð svefnherbergi með skápum, baðherbergi m/ sturtu, sér þvottahús, geymsla/ tölvuherbergi, góð stofa og eldhús með borðkrók. Svalir í suður og opin stigangangur. Lágafellsskóli, leikskóli, glæsileg sundlaug ofl. í næstu götu. **Verð 24,4 m.**



Tröllateigur – efsta hæð

NÝTT Á SKRÁ

Loksin, loksins – voru að fá í sölu glæsilega 3ja herbergja íbúð á EFSTU HÆÐ í 4. hæða húsinu við Tröllateig 24. Um er að einn besta staðinn í húsinu – mikið útsýni til suðurs af svölunum og ekki síðra er útsýnið til norðurs úr eldhúsinu, að Esjunni og Helgafelli. Þetta er stór og björt íbúð, með góðu geymsluplássi, bílastæði í lokuðum bílakjallara og flott geymsla inn af stæðinu. **Verð 31,9 m.**



Leirutangi – Glæsilegt einbýlishús

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að á sölu mjög fallegt 189,3 m² einbýlishús á einni hæð á stórrí hornlóð við Leirutanga 24 í Mosfellsbæ. Húsið hefur mikið verið endurbætt sl. ár m.a. er nýjar sérhannaðar innréttingar í eldhúsi og á baði. Bílskúr hefur verið innréttaður sem hobby herbergi og unglingaherbergi. Stór timburvernd með skjólgirðingu, heitur pottur og markisur yfir öllum gluggum. Þetta er eign í sérflokki. **Verð 67,5 m.**



Hagaland - einbýlishús

Til sölu fallegt 209,6 m² einbýlishús með bílskúr við Hagaland 16 í Mosfellsbæ. Húsið er 154,1 m² á einni hæð ásamt 55,5 m² bílskúr. Fjögur góð svefnherbergi, stór stofa og gott eldhús. Skríðkjallari undir húsinu. Falleg aðkoma og skjólgóður og gróinn garður. Þetta er fallegt hús með fallegum garði á víðræðanlegu verði. **Verð 43,8 m.**



Viðiteigur – 90,4 m² endaraðhús

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá þetta 90,4 m² endaraðhús, með milli lofti og garðskála við Viðiteig 4E í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, svefnherbergi, baðherbergi m/ kari, stofu, eldhús og opið er inn í garðskála. Gott milli loft yfir sem nú er notað sem hjónaherbergi. Úr garðskála er gengið út á timburvernd og fallegan suðurgarð. Flott eign fyrir þá sem vilja sérþýli..... á fjölbýlishúsaverði. **Verð kr. 26,7 m.**



Blikahöfði – 4ra herb. + bílskúr

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá 100,3 m², 4ra herbergja íbúð á jarðhæð ásamt 27,6 m² bílskúr við Blikahöfða 1 í Mosfellsbæ. Þetta er vel skipulögð íbúð með þremur rúmgóðum svefnherbergjum, baðherbergi m/baðkari, sér þvottahúsi, rúmgóðu stofu, borðstofu og eldhúsi. Hellulögð vernd og stór garður í suðurátt. Þetta flott íbúð á góðum stað í vinsælu hverfi. **Verð. 30,9 m.**



Klapparhlíð – 50 ára og eldri

90,5 m², 2ja herbergja íbúð á EFSTU HÆÐ í 4ra hæð fjölbýli fyrir 50 ára og eldri. Þetta er vönduð lyftublokk með bílakjallara. Íbúðin er björt og rúmgóð, eikarparketi og flisar á gólfum og fallegar eikar innréttingar í eldhúsi, baði og svefnherbergi. Stór stofa og borðstofa og svalir eru yfirbyggðar og með glerhurðum sem hægt er að opna. Bílastæði í bilageymslu fylgir. Sundlaug, líkamsrækt og golfvöllur, allt í göngufæri við húsið. **Verð 31,5 m.**



Prastarhöfði – 3/4 ra herb. + bílskúr

Afar glæsileg 3ja til 4ra herbergja endaíbúð á efstu hæð í nýlegu 3ja hæða fjölbýli við Prastarhöfða 5 í Mosfellsbæ. Íbúðin er mjög glæsileg, með eikar plankaparketi og flisum á gólf, hnotu innhurðar og innréttingar hvítar/hnota. Hér hefur hvergi verið til sparað – frábær staður, sundlaug, líkamsrækt, skóli, leikskóli, golfvöllur og gönguleiðir rétt við húsið. Áhv. 19,4 m. frá Glitni m/5,0% vöxtum. Íbúðin getur verið laus við kaupsamning. **Verð 32,9 m.**



Tröllateigur – 133,5 m² endaíbúð

Mjög glæsileg 3ja herbergja endaíbúð á jarðhæð í 4ra hæða lyftublokk með bílastæði í lokaðri bilageymslu við Tröllateig 20 í Mosfellsbæ. Íbúðin er mjög stór og rúmgóð, stór stofa og borðstofa, eldhús með fallegri eikarinnréttingu, tvö svefnherbergi, flisalagt baðherbergi og stórt þvottahús. Bílastæði í bilageymslu og tvær stórar geymslur. Þetta er topp íbúð á besta stað í húsinu. **Verð 30,9 m.**



Akurholt – Einbýlishús í botnlanga

NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá 208 m² einbýlishús á einstökum stað, neðst í botnlanga við óbyggt svæði við Akurholt 20 í Mosfellsbæ. Húsið er einnar hæða einbýlishús með tvöföldum bílskúr og 1.500 m² verðlaunagarði. 4-6 svefnherbergi, fallegt eldhús, tvö baðherbergi. Timburvernd, heitur pottur og skjólgóður garður. **Verð 57,8 m.**



Leirvogstunga – 199,2 m² einbýlishús

NÝTT Á SKRÁ Vorum að fá í sölu 199,2 m² einbýlishús í byggingu við Leirvogstunga 4 í Mosfellsbæ. Þetta er timburhús á einni hæð ásamt milli lofti og bílskúr. Húsið verður afhent á byggingarstigi 5 – tilbúið til innréttinga. Húsið verður fullbúið að utan. Að innan verða allir innveggir uppsettir og sandsparstlaðir og tilbúna til málningar – loft verða einnig tilbúna til málningar. Húsið verður afhent í ofangreindu ástandi í mars 2008, en sýningarhús er tilbúið til skoðunar. **Verð kr. 43,8 m.**



Safnað fyrir kirkju með jólakúlum

Lágafellssókn hefur látið gera fallegar jólabjöllur og jólakúlur. Hér er um að ræða handmálaðar kúlur til skrauts. Kúlurnar eru í takmörkuðu upplagi og verða til sölu hjá Hlín Blómahús. Verðinu er stillt í hóf og kostar hver kúla aðeins 1500 krónur. Allur ágóði af sölu kúlanna fer í kirkjubýggingsráðgjöf.



Sömu litir að ári

Nú þegar bæjarhátíðin í túninu heima er afstaðin, og hátíðarnefndin farin að huga að næsta ári, hefur verið tekin ákvörðun um litaskreytingar til framtíðar. Íbúar hverfanna skreyttu hús og hífýli með miklum móð og tókst að mynda alvöru hátíðarstemningu. Skreytingarnar slógu rækilega í gegn og hefur verið ákveðið að halda sömu litum að ári, nema að græni liturinn breytist í hvítan. Því geta bæjarbúar nú þegar farið að undirbúa næstu hátíð og slegið út sigurvegarana frá því í fyrra sem voru gula hverfið. Hér koma litirnir: Höfðar, Hlíðar, Tún og Mýrar skreyta með gulu. Tangar, Holt og Miðbær er rautt. Teigar, Krikar, Lönd, Ásar, Tungur og dalur verður framvegis með hvítan lit og Reykjahverfið er blátt sem fyrr.

KIRKJUSTARFIÐ

www.lagafellskirkja.is



Birgir D. Sveinsson safnar viðtölum við samtíðarfólk Halldórs Laxness

Söfnun munnlegra heimilda

Á degi íslenskrar tungu, föstudaginn 16. nóvember, undirrituðu Gljúfrasteinn og Miðstöð munnlegrar sögu samstarfssamning um söfnun munnlegra heimilda um Halldór Laxness og Gljúfrastein. Ber verkefnið nafnið Halldór Laxness og samferðamenn.

Verkefnið er þegar byrjað og var leitað til Birgis D. Sveinssonar til að byrja á að safna viðtölum við Mosfellinga. Jafnframt verður talað við fólk sem vitað er að tengist Gljúfrasteini og Halldóri.

Áð sögn Guðnýjar Dóru framkvæmdastjóra Gljúfrasteins þótti full ástæða til að safna saman þessum heimildum á kerfisbundin hátt. „Allt frá því að safnið opnaði hafa gestir miðlað ýmsum upplýsingum og fróðleik um skáldið og Gljúfrastein. Leitast er eftir sögum sem samtíðarfólk Halldórs kann og getur rifjað upp sem verða svo varðveittar til frambúðar hjá Miðstöð munnlegrar sögu, og á heimasíðu Gljúfrasteins”

Meginmarkmið með söfnun munnlegrar sögu eru:

- Að dýpka þekkingu á ævi og verkum Halldórs
- Að safna heimildum um Halldór Laxness frá samtíðarmönnum
- Að safna öllu er viðkemur sögu Gljúfrasteins

Að sögn Birgis kom þetta samstarf hans við Gljúfrastein upp í spjalli við Guðnýju Dóru og vegna áhuga hans og tengslum við Gljúfrastein. „Ég hef farið með marga ferðahópa hér um safnið og hitt fullt af fólki sem þekkir vel til og fróðlegt er að heyra hvað það hefur að segja. Þetta samtíðarfólk Halldórs er ég nú að leita uppi. Fólk man eftir skemmtilegum atburðum t.d. í tengslum við



Birgir og Guðný Dóra á hlaðinu á Gljúfrasteini.

Nóbelsverðlaunin þegar Mosfellingar fóru í myndarlega blysför og einnig þegar hann var gerður að heiðursborgara Mosfellsbæjar. Verkefnið er afar spennandi og ekki síður gaman fyrir mig að fræðast meira í leiðinni.” Hægt er að hafa samband við Guðnýju Dóru eða Birgi ef fólk hefur eitthvað fram að færa. Nánari upplýsingar um safnið má svo finna á www.gljufurasteinn.is

Marta Gunnlaug Guðjónsdóttir hefur gaman af að taka á móti gestum

Bakar pönnukökur alla laugardaga

Á laugardagsmorgnum yfir vetrartímann er opið hús fyrir vini og vandamenn heima hjá Mörtu G. Guðjónsdóttur og sambýlismanninum hennar Kristjáni Helga Guðbrandssyni, gestunum er boðið upp á nýbakaðar pönnukökur með ilm- andi góðu kaffinu.

Blaðamaður rann á lyktina einn morguninn og var boðið í morgunkaffi „ég er alveg með nýbakaðar herna sagði Marta og gekk að eldavélinni, sambýlismaður Mörtu sat í eldhúsinu, sykraði pönnukökurnar og rúllaði þeim upp.

Er ég spyr Mörtu út í gestrisnina sagði hún: „Hún Marta amma mín gerði þetta í fjöldamörg ár en hætti því fyrir tveimur árum síðan svo ég

ákvað að taka við af henni og hef haft mikla ánægju af, þetta heldur fjölskyldunni saman og hér fara þjóðfélagsumræðurnar fram segir Marta brosandí og heldur áfram að baka.

Mörtu er margt til lista lagt, hún hefur verið fyrir ýmis konar handavinnu í gegnum árin og heimili þeirra ber þess vott, hvert sem augum er litið eru útsaumaðar myndir og stólar og fleira sem húsmóðurinn hefur dundað sér við. Marta hefur einnig þrjónað mörg barnateppin sem hún hefur síðan gefið til sængurgjafa.

Á sumrin tekur hún svo frí frá bakstrinum og nýtur þess að ferðast, jafnt innanlands sem utan. RÖ



Helgihald fram að jólum:

2. desember

Fyrsti sunnudagur í aðventu Guðsþjónusta í Lágafellskirkju kl. 11:00
Sunnudagaskólinn í Lágafellskirkju kl. 13:00

9. desember

Annar sunnudagur í aðventu Sunnudagaskólinn í Lágafellskirkju – Flutt verður leikritið Jólnir hennar Jónu- Allir velkomnir.

Aðventukvöld Lágafellssóknar

Falleg stund skreytt með fallegum söng. Meðal listamanna má nefna Diddú, Jóhann Friðgeir Valdimarsson, Skólakór Varmárskóla og Kirkjukórinn okkar. Umsjón og stjórn tónlistar er í höndum Jónasar Þóris. Ræðumaður kvöldsins verður Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri.

16. desember

Þriðji sunnudagur í aðventu Jólalund barnastarfsins að Lágafelli kl. 11.00. Mikill söngur.

Jólasveinninn kemur og heimsækir okkur að vandall þennan dag.

Jólabjöllur – jólabjöllur

Lágafellssókn hefur látið búa til jólabjöllur og jólabjöllur. Þær eru seldar til styrktar fyrirhugaðri kirkjubýggingu hér í bænum.

Jólabjöllur kirkjunnar er hægt að nálgast í safnaðarheimilinu.

SÓKN Í SÓKN

– LIFANDI SAMFÉLAG

Vertu með í sókninni!

Aðventutónleikar í Mosfellskirkju



Hljóðfæraleikarar eru Sigurður Ingvi Snorrason og Kjartan Óskarsson, sem leika á klarinettur, Emil Friðfinnsson og Þorkell Jónsson sem leika á horn og á fagott leika Brjánn Ingason og Björn Árnason.

Miðasala verður í Bæjarskrifstofum í Mosfellsbæ í þjónustuveri á fyrstu hæð. Alltaf hefur verið uppselt á þessa tónleika undanfarin ár og því er aðeins hægt að fá miða í forsölu, en einnig er hægt að greiða miðana símleiðis. Vinsamlega hafið samband við Þjónustuver Mosfellsbæjar í síma 525-6700 þar sem miðasala fer fram og allar aðrar upplýsingar um miðasöluna eru veittar.



Sigrún Hjálmtýsdóttir ásamt bláساسextett, í daglegu tali Diddú og drengirnir, halda sína árlegu aðventutónleika í Mosfellskirkju **miðvikudaginn 18. desember kl. 20:30.** Efnisskráin er með hefðbundnum hætti, klassískir tónar og jólalög.

Aðventutónleikar Diddúar og drengjanna eru sérstakur tónlistarviðburður í menningarlífi Mosfellsbæjar, en tónleikarnir eru nú haldnir tíunda árið í röð. Á tónleikunum hafa frá upphafi verið frumfluttar umskriftir á klassískum verkum fyrir bláساسextett og sópran, en þetta er ekki algeng samsetning hljóðfæra og raddar.

Margir Mosfellingar auk annarra hafa áhrifst sótt litlu sveitakirkjuna í Mosfellsdal heim að þessu tilefni, enda eru tónleikarnir í Mosfellskirkju á jólafestu orðnir ómissandi hluti af undirbúningi fyrir helgihald jóla.



Menningarmálanefnd
Mosfellsbæjar



Vistvæn brúnegg framleidd í Mosó

Brúnegg ehf. framleiðir vistvæn brún egg og er með meginstarfsemi sína hér í bæ. Sérstakur stofn sem framleiðir varphænum er staðsettur að Minna Mosfelli, eggjunum undan stofnhænum er síðan ungað út hjá Útungun ehf. í Flugumýri. Hænum eru aldar upp í Eilífsdal í Kjós en sjálft varpið fer síðan fram á Teigi og í Silfurhöllinni fyrir ofan Teig. Framleiðsla Brúneggja ehf. hefur fengið vottun sem „Vistvæn landbúnaðarafurð“ þar sem hænum ganga frjálssar um en eru ekki hafðar í búrum. Eigendur Brúneggja ehf. eru bræðurnir Kristinn Gylfi og Björn Jónssynir í Brautarholti.

Umhverfisnefnd harmar efnistöku

Vegna námugraftar, rykmengunar og annarra umhverfisáhrifa við Leirvogstungumela, við rætur Mosfells, var eftirfarandi ályktun tekin fyrir á 93. fundi umhverfisnefndar. Umhverfisnefnd harmar þá óafturkræfu eyðileggingu sem orðin er á Leirvogstungumelum í tengslum við námavinnslu þar síðastliðna mánuði. Umhverfisnefnd fer fram á að farið verði eftir uppgræðsluáætlun í starfsleyfi um lokun námusvæða á Leirvogstungumelum. Ennfremur leggur nefndin það til við heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis að dagsektir verði hækkaðar verulega eða starfsleyfi afturkallað. Að sögn bæjarstjóra hafa verktakar fallist á að hætta námuvinnslunni þar til gengið verði frá samkomulagi hvernig fara eigi eftir starfsleyfinu.



Verslunarferð

Miðvikudaginn 5. desember verður farið í verslunarferð í Smáralind. Lagt af stað kl. 13.00 frá Hlaðhömrum. Akstur verð kr. 700. Skráning í síma 5868014 kl. 13.00-16.00.

Mikil uppbygging einkennir fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar fyrir árið 2008

Bætt þjónusta við íbúa

Fjárhagsáætlun Mosfellsbæjar var lögð fram í bæjarráði í gærmorgun og vísað þar til fyrri umræðu í bæjarstjórn. Megináherslur fjárhagsáætlunarinnar er aukin og bætt þjónusta við íbúa, uppbygging á þjónustumannvirkjum í ört stækkandi sveitarfélagi og að rekstur verði áfram ábyrgur, traustur og til fyrirmyndar. Kemur þetta fram í fréttatilkynningu bæjarstjóra Mosfellsbæjar, Haraldar Sverrissonar.

Skuldir haldi áfram að lækka

Heildartekjur Mosfellsbæjar eru áætlaðar 4.065 mkr. og heildargjöld 3.798 mkr. Útvarsprósenta verður óbreytt milli ára eða 12,94% og er Mosfellsbær eitt fárra sveitarfélaga sem ekki fullnýtir útvarsprósenta. Samkvæmt áætluninni verður rekstrarniðurstaða samstæðunnar af reglulegri starfsemi jákvæð um 92 mkr. Auk þess eru tekjur af sölu byggingarréttar áætlaðar 645 mkr. sem renna eiga til uppbyggingar á skólamannvirkjum í nýjum hverfum á næstu árum. En allt stefnir í að íbúafjöldun á árinu 2008 verði um 11%. Gert er ráð fyrir að heildarskuldir bæjarfélagsins og skuldir á íbúa haldi áfram að lækka.



Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri

Hafist handa við framhaldsskóla

Á árinu 2008 er áætlað að verja um 775 mkr. til uppbyggingu skóla- og íþróttamannvirkja, þ.m.t. byggingu nýrra grunn- og leiksskóla, hafist verði handa við byggingu framhaldsskóla í samvinnu við ríkið og sérstök



Mynd/EP

um endurbótum á eldra skóláhúsnæði í bæjarfélaginu. Hafist verður handa á byggingu menningarhúss í miðbænum og hjúkrunarheimilis á Hlaðhömrum.

Stefnt að gjaldfrjálsum skóla

Áfram verður haldið á þeirri braut að Mosfellsbær verði í fremstu röð í þjónustu sinni við barnafjölskyldur. Útgjöld til fræðslumála aukast um tæp 18% eða um 275 mkr. og er það liður í þessum vilja sveitarfélagsins. Leikskólavist 5 ára barna verður gjaldfrjálst og með því áfram stuðlað að lægri kostnaði fyrir barnafjölskyldur.

Gert er ráð fyrir því að á árinu 2008 fari fram vinna við að samtvinnu starf í frístundaseljum almennu grunnskólasterfi þannig að til verði heilsdagsskóli í fullmótaðri mynd fyrir yngstu bekkinn grunnskólans. Þegar þessu markmiði er náð gefst tækifæri til að fella niður gjaldtöku

fyrir frístundasel þannig að nám og vera í grunnskólum verði gjaldfrjálst.

Heimgreiðslur til foreldra

Sú nýjung verður tekin upp á árinu 2008 að teknar verða upp heimgreiðslur til foreldra eins til tveggja ára barna til að jafna stöðu þeirra og stuðla að því að foreldrar geti verið lengur heima hjá ungum börnum sínum.

Átak í umhverfismálum

Gert er ráð fyrir verulegri hækkun á framlagi til íþrótt- og tómstundafélaga vegna barna og unglingastarfs sem og að frístundagreiðslur hækki og aldursviðmið þeirra.

Að sögn Haraldar gerir fjárhagsáætlunin ráð fyrir að sérstakt átak verði gert í umhverfismálum með ráðningu umhverfisstjóra sem m.a. hafi málefni staðardagskrár 21 á sinni könnu og auknum framlögum til umhirdu opinna svæða og leikvalla.


ELDRI BORGARAR



Myndir úr Listasálfnum

Jólabasar

Basar, sem Félagsstarf eldri borgara í Mosfellsbæ var með 17. nóv. s.l., gek mjög vel. Basarinn var haldinn í Listasálfnum og bókasafninu í Kjarna, einnig var sýning á útskrönum tréskurðarmunum og innbundnum bókum sem eldri borgarar hafa verið að vinna við að undanförunu. Gestir og gangandi rómuðu mjög hina fallegu muni, bæði þá sem voru til sýnis og einnig þá sem voru til sölu. Ágóði af söluverðum sem fyrr látinn renna til góðgerðarmála.





www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

Starfsmenn í Frístundasel við Varmárskóla

Mosfellsbæjar óskar eftir að ráða starfsmenn í Frístundasel við Varmárskóla. Lausar eru tvær stöður frá 14:00 til 17:00 alla virka daga. Frístundaselinn bjóða upp á ýmsa þjónustu fyrir nemendur í 1. – 4. bekk grunnskóla eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur.

Einnig vantar starfsfólk í afleysingar.

Tilvalið fyrir skólafólk.

Hæfniskröfur:

Uppeldismenntun og/eða, áhugi á að starfa með börnum. Sjálfstæð vinnubrögð og hæfni í samskiptum.

Umsóknum má skila í þjónustuver Mosfellsbæjar, 1.hæð. Þverholti 2. Einnig er hægt að senda inn umsóknir á heimasíðu Mosfellsbæjar www.mos.is
Laun greidd samkv. kjarasamningum starfsmannafélags Mosfellsbæjar.

Allar nánari upplýsingar veitir Sigurður Guðmundsson, Íþróttafulltrúi sg@mos.is eða í síma 5666 754 eða Edda Davíðsdóttir, tómstundafulltrúi edda@mos.is eða í síma 5666 058

Fræðslu og menningarsvið Mosfellsbæjar.



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

ÁGÆTI HUNDEIGANDI

Að gefnu tilefni skal hundeigendum bent á samþykkt um hundahald í Mosfellsbæ, (sjá reglugerð á www.mos.is/stjórnsýsla/samþykktirogreglur)

4.gr - Almenn um skyldur hundaeigenda

Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Á almannafæri er hundeiganda skylt að fjarlægja saur eftir hund sinn/hunda sína á tryggilegan hátt.

Á næstu vikum verður fylgst sérstaklega með lausagöngu hunda og þeir hundar fjarlægðir sem nást lausir á almannafæri.

Dýraeftirlit Mosfellsbæjar



Ljósinn tendruð á jólatré Mosfellsbæjar

Laugardaginn 1.des. 2007 kl. 16:00 á torginu við Kjarna

Skólahljómsveit Mosfellsbæjar
Ljósinn tendruð
Barnakór Varmárskóla
Jólasveinar koma í helmsókn

Á eftir verður jólashemmtun og veitingasala Kammerkórs Mosfellsbæjar inni í Kjarna. Dansað í kringum jólatréð. Áhugaverð dagskrá fyrir alla fjölskylduna. Mosfellsbær óskar öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári



www.mos.is

MOSFELLSBÆR

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

Starfsfólk óskast við íþróttamiðstöðina að Varmá

Íþróttamiðstöðin að Varmá auglýsir eftir einum starfsmanni í þjónustastarf við miðstöðina ásamt afleysingafólki um helgar og á kvöldvaktir.

Gæti hentað ungu fólki með námi. Möguleiki er að ráða sig í 8 tíma á viku eða meira eftir því sem hentar hverjum og einum. Leitað er eftir fólki af báðum kynjum.

Nánari upplýsingar gefur
Sigurður Íþróttafulltrúi í síma 6600750



Íslands minni með Fífilbrekkuhópnum

Á 200. fæðingarársmæli Jónasar Hallgrímssonar, föstudaginn 16. nóvember, kom út geisla-diskur sem hlotið hefur heitið „Íslands minni“. Á disknum flytur Fífilbrekkuhópurinn 26 lög Atla Heimis Sveinssonar við ljóð Jónasar Hallgrímssonar. Fífilbrekkuhópurinn skipa Hulda Björk Garðarsdóttir, sópran, Eyjólfur Eyjólfsson, tenór, Sigrún Eðvaldsdóttir, fiðluleikari, Sigurður Ingvi Snorrason, klárínettuleikari, Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanóleikari og Hávarður Tryggvason kontra-bassaleikari. Diskurinn fæst í Pennanum og 12 Tónum sem og í blómaversluninni Hlín Blóma-húsi hér í Mosfellsbæ. Fífilbrekku-hópurinn hefur gert víðeist með Jónasarlög Atla Heimis og haldið fjölda tónleika hér heima sem erlendis og verður dagskráin til að mynda flutt í Leighton House í London þann 3. desember.



Jólasöngur Kammerkórsins

Jólasöngur og vöflu sala Kam-merkórs Mosfellsbæjar verður laugardaginn 1. des. í Kjarnanum í Mosfellsbæ kl. 16:20. Söngurinn hefst í beinu framhaldi af dagská sem er utan dyra við Kjarnan þar sem kveikt verður á jólatrénu. Kórinn syngur nokkur lög með Barnakór Varmárskóla ásamt því að dansað verður í kringum jóla-tréið. Grýla og börn mæta líka í heimsókn og dansa með.



Líður senn að jólatrjáasölu skógræktarfélagsins Bætt aðstaða í Hamrahlíð

Skógræktarfélag Mosfellsbæjar hefur um árabíl selt jólatré úr Hamrahlíð-inni. Fyrir nokkrum árum var tekið í notkun lítið hús í skóginum til þess meðal annars, að hafa smáaðstöðu fyrir söluna. Í haust var síðan hafist handa við að bæta um betur. Búið er að opna skógarlund í trjáþyrpingunni við grillið og brú smíðuð yfir lækinn úr við sem höggvin var í skóginum til grisjunar. Hjalti Lúðvíksson hefur stjórnað verkinu með hjálp góðra manna. Í lundinum getur fólk skoðað höggvin jólatré í góðu skjóli, núna fyrir jól. En alltaf eru einhverjir sem vilja fara út í skóg og velja sér jólatré og jafnvel höggva það sjálfir en það hefur verið afar vinsælt síðustu ár. Gaman er að sjá hve hlífir en vinsæl til útivistar jafnt sumar sem vetur. Gestir og gangandi eru ávallt velkomnir í Hamrahlíðina.



Dagur íslenskrar tungu í Lágafellsskóla

Á degi íslenskrar tungu á dögum var ýmislegt skemmtilegt gert í Lágafellsskóla. 2. árgangur skólans vann m.a. að ýmsum fróðlegum og skemmtilegum verkefnum í tilefni dagsins í öllum fögum. Nemendur buðu skólastjóra og deildarstjóra upp á leikýningu sem þau höfðu unnið upp úr texta Jónasar Hall-

grímssonar. Að lokinni sýningu var boðið upp á veitingar á hlaðborð sem nemendur höfðu útbúið í tónlistar- og hreyfirými í nýbyggingu skólans. Þar var að finna flatkökur með hangikjöti og harðfisk sem nemendur höfðu sjálf smurt og útbúið.

EJ

LÖGREGLUFRÉTTIR

Fréttir liðandi stundar úr dagbók lögreglunnar



Síðastliðinn október hefur verið fremur rólegur hér á okkar svæði.

Samanburður tveggja brotaflokka

Október árið 2006 voru 7 þjófnaðarmál hér. Nú árið 2007 voru þau 8, þýðir það aukningu um eitt mál. Varðandi hraðaakstur þá voru í fyrra í október 35 teknir fyrir of hraðan akstur í Mosfellsbæ en nú árið 2007 voru teknir 7 fyrir of hraðan akstur. Þetta er alveg í samræmi við það sem okkur hefur fundist þ.e. fækkan á of hröðum akstri og það er gott.

Ömurleg framkoma

Það gerðist hér tvær nætur með stuttu millibili að einhver eða einhverjir sáu sig ekki meiri menn en það að láta sig hafa það að ráðast að húsnæði aldraðra að Hlaðhömrum og ata bæði glugga og veggj út í málningu og að auki brjóta veggflísar utan á húsinu. Þessi hegðun hvar sem hún er framkvæmd er ílitleg og þeim sem þetta stunda til háborinnar skammar.

Boðun í skoðun

Margir eigendur bifreiða hafa verið boðaðir með ökutæki sín til skoðunar og enn þarf að taka eitt og eitt skráningamerki af bifreiðum.

Ástandið

Almennt er ástand í bænum nokkuð gott. Höldum því svo.

Kveðja
Lögreglan í Mosfellsbæ

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

SENDU OKKUR LÍNU...

MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is

TIL SÖLU



NÝTT Á SKRÁ

Vorum að fá í sölu mjög falleg raðhús á einni hæð á einum besta stað í nýju hverfi í Mosfellsbæ. Um er að ræða forsteypt einingarhús sem verða afhent rúmlega fókheld, þ.e. auk fókheldis verða innveggir forsteyptir að mestum hluta og tilbúnir undir sandspartl, gluggar ísettir og þak verður einangrað sem og útveggir. Laxatunga 51-57 stendur á afar fallegum stað með miklu útsýni út á Leirvoginn – húsin eru að verða fókheld í dag, en þau verða tilbúin til afhendingar í janúar 2008. Verð: 43,5-45,5 m.



LAXATUNGA – 183,5 M2 RAÐHÚS

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested
Löggiltur fasteignasali

Kjarna, Þverhotli 2
586 8080
www.fastmos.is



BYMOS

Byggingarvöruverslun Mosfellsbæjar
Háholti 14, sími 586 1210



Glæsilegt vöruúrval

Jólavörur á góðu verði

Opnunartími:

mánudagar-laugardagar 10:00-19:00

Sunnudagar 10:00-16:00



Sýning Þóru á Hvirfli

Þóra Sigurpórsdóttir leirlistarkona á Hvirfli í Mosfellsdal heldur um þessar mundir sýningu á listmunum sínum.

Sýningin er í nýju gallerí að Hvirfli og verður opin alla daga vikunnar, 2.-14. desember, kl. 14-18.

Allir velkomnir

Douglas Brochie í Lágafellskirkju
Þriðjudaginn 18. desember kl. 20

Orgeljól 2007



Organisti Háteigskirkju spilar ljúfa og skemmtilega orgeltónlist fyrir jólahátíð.

*Einnig kemur fram
Sigrún Jónsdóttir söngkona.*

Allir velkomnir - aðgangur ókeypis



Menningarmálanefnd Mosfellsbæja. Ljósmynd af Lágafellskirkju notuð með góðfúslegu leyfi Þorsteins H. Ingibergssonar

Hlynur Chadwick Guðmundsson hefur farið ótroðnar slóðir við íþróttaiðkun og er enn að jafna sig eftir heilablæðingu á unglingsárunum sem breytt hefur lífssýn hans.

Vilji er allt sem þarf



MOSFELLINGUR

Hlynur Chadwick Guðmundsson er fæddur árið 1962, sonur hjónanna Kristínar Carol Chadwick og Guðmundar Freys Halldórssonar. Hlynur bjó fyrstu ár ævi sinnar í Keflavík en var á fimmta ári þegar foreldrar hans skildu, hann flutti ásamt móður sinni og Hilmi, yngri bróður sínum, austur á Beru-fjörð en seinna sama ár fluttu þau í Grímsnesið þar sem móðir hans fékk vinnu á Sólheimum. Örlögin tóku í taumana og hún kynntist bóndasyninum Gunnari Jóhannessyni sem bjó að Hömrum og þangað flutti hún með synina tvo og Hamrar varð því uppellisstaður þeirra bræðra. Þeir eignuðust síðar tvö yngri systkini þau Gunnar Kristín og Auði.

„Það var gott að búa í sveitinni“ segir Hlynur er ég spyr hann út í æskuárin, „það var mikil vinna í kringum skepnurnar en um leið rólegt og afslappað andrúmsloft, það var ekki mikið um að vera utan skóla og bústarfa heima fyrir nema hvað íþróttastarfið í sveitinni var í blóma.

Þegar ég varð níu ára þá fór ég að iðka ýmsar íþróttir, ég þótti efni- legur í blaki og körfubolta og vann oft til verðlauna í frjálsum íþróttum og sundi, ég var aldrei með þjálfara við æfingar en fékk leiðbeiningar frá grunnskólakennurum að Ljósafossi og Laugarvatni.“

Jarðareignin var æfingarsvæðið

„Þegar ég var heima í sveitinni var jarðareignin að Hömrum mitt æfingarsvæði. Heybaggar voru frábær hjálpartæki til að æfa grindarhlaup og lyftingar, áveituskurðir voru flottir fyrir langstökk og í raun var hlaðan, fjósið og fjárhúsið orðið eitt stórt æfingarsvæði. Nýgrafnir skurðir voru samt bestir og ég varð alltaf jafnhreykinn ef ég komst yfir þá en það kom oft fyrir að maður datt ofaní við mismikla hrifningu móður minnar sem þurfti að þvo af mér drulluskítug fötin.



Fjölskyldan. Hlynur, Henrik, Heiðís, Hafdi, Helga Ósk og hundurinn Kara Mía.

Á Hömrum var stórt og mikið bú og vinnan sem fylgdi því var mikil en um tólf ára aldurinn var ég í skóla að Ljósafossi og stundaði þar íþróttir að kappi, einn af kennurum mínum, Unnur Halldórsdóttir, var fljót að átta sig á hvert hugur minn stefndi í framtíðinni og orti vísu um mig:

Ef Hlynur hér stjórnaði stundaskrá,

hve strákurinn myndi sín njóta þá.

Hann daglegum sundtímum fjölgaði um fimm, og fyndist þó eflaust hér skorti trimm.

Á Laugarvatni var oft gert grín að því að ég hlyti að vera með svefnaðstöðu í íþróttahúsinu því ég var oft að leika mér með Laugðælingunum spila blak og körfu og horfði á þessa stóru stráka sýna listir sínar, en árið 1976 snerist hugurinn algjörlega að frjálsum íþróttum.“

Áfall sem skildi eftir sig ör

„Sumarið 1978 vorum við sveitungarnir að leika okkur í fótbolta og allt í einu fékk ég mikið högg aftan á höfuðið, boltinn lenti eftir fasta spyrnu á hnakkanum á mér. Þetta högg orsakaði heilablæðingu sem ekki tókst að loka alveg fyrir í um það bil þrjú ár, það var ekki fyrr en eftir rannsókn og skurðaðgerð í Noregi að það tókst, þetta breytti lífsmynstri mínu mikið,

já og öllum framtíðar markmiðum.

Ég lamaðist hægra megin, átti erfitt með gang og jafnvægi, ég gat ekki skrifað og átti erfitt með tal, þetta var ægilegt áfall fyrir fimmtán ára ungling sem átti framtíðina fyrir sér. Mamma sagði mér að þegar ég loksins rankaði við mér eftir fyrstu aðgerðina þá hafi ég spurt lækinn að því hvort ég gæti slegið Íslandsmet í langstökki eftir einhver ár en það varð fátt um svör.

Ég hef alla tíð verið jákvæður og stefnufastur og þegar heilaskurðlæknirinn minn sagði mér að svo gæti farið að ég yrði bundinn hjólastól alla ævi þá tvífeldist hugsunin um að ná kröftum og bata. Ég fór síðan að setta mig við orðinn hlut eftir þrjár skurðaðgerðir, ég vissi að ég yrði ekki samur aftur, þó vissulega hafði ég náð mér ótrúlega vel upp miðað við aðstæður, ég lærði fljótlega að ganga að nýju og skrifa með vinstri hendinni. Eftir endurhæfingar í mörg ár æxlaðist það fljótt þannig að ég fór að kenna og þjálfa sund og frjálssar íþróttir með námi og vinnu, en að læknisráði þurfti ég að setja reiðmennskuna og skíðin á hilluna.

Lífsins þröskuldar auðveldir eða erfðir eru til þess að yfirstíga þá segir Hlynur og erfiðleikar skapa sannarlega líka tækifæri til verkefna og framkvæmda, oft er sagt að örlögin taki í taumana, ég er ekki frá því að það hafi gerst í mínu tilviki.“

Þjálfarabrauðið vinsælt

Ég kynntist konunni minni, Hafdís Óskarsdóttur, árið 1982, hún er menntuð sem tækniteiknari en vinnur sem höfuðbeina og spjaldhryggjafnari. Við eigum þrjú börn, þau Helgu Ósk 22 ára, Henrik 17 ára og Heiðís 14 ára. Ég er íþróttamenntaður frá Íþróttakennarskólanum að Laugarvatni, tók stúdentspróf af íþróttasviði frá Fjölbauti í Ármúla og skellti mér svo í Iðnrekstrarfræði



Fermingarmynd tekin heima að Hömrum.

við Tækniskóla Íslands og útskrifaðist þaðan árið 1991. Mosfellsveitin heillaði mig alltaf, sennilega af því ég er alin upp í sveit og það kom ekkert annað til greina en að flytja hingað sem við og gerðum árið 1992.

Fljótlega eftir að við fluttum í sveitina fór ég að fylgja dóttur minni á íþróttæfingar og horfði iðulega á á meðan æfingarnar stóðu yfir, síðan var mér boðin þjálfarastaða hjá Aftur- eldingu og hef verið hjá félaginu síðan og sé ekki eftir því, þar starfa ég bæði við kennslu og þjálfun.“

Ég spyr Hlyn að lokum út í Þjálfarabrauðið sem mér hefur borist til eyrna að sé til sölu hér í bæ og að uppskriftin sé eftir hann. „Já, ég hef gaman af því að búa til góðan mat og baka, en einn góðan veðurdag árið 1997 bjó ég til brauð fyrir fjölskylduna úr 36 tegundum náttúruæfna sem ég blandaði eftir kúnstarinnar list. Hugmyndin var að gera brauð sem væri nærandi og orkumikið, svo fór ég að mæta með þetta á mót og æfingar við miklar vinsældir svo það varð úr að ég hafði samband við Hafliða í Mosfellsbakari og hann tók þetta inn hjá sér til prufu og varan er þar enn, brauðið fæst líka í íþróttahúsinu og á N1“ segir þessi stolti bakari og íþróttamaður er við kveðjumst.

Myndir: Ruth Örnólfs og úr einkasafni

Upplstur úr nýjum bókum í desember

Lesið verður úr nýútkomnum bókum alla sunnudaga í desember í stofunni á Gljúfrasteini. Dagskráin hefst klukkan 16.00 og er aðgangur ókeypis og öllum opin.

2. desember kl. 16.00

Einar Káason - *Endurfundir*

Gerður Kristný - *Höggstaður*

Einar Már Guðmundsson - *Rimlar hugans. Ástarsaga*

Árni Þórarinnsson - *Dauði trúðsins*

9. desember kl. 16.00

Kristín Marja Baldursdóttir - *Óreiða á striga*

Þórarinn Eldjárn - *Fjöllin verða að duga*

Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir - *Kalt er annars blóð*

Sigurbjörg Þrastardóttir - *Blysfarir*

16. desember kl. 16.00

Jón Kalman - *Himnaríki og helvíti*

Vigdís Grímsdóttir - *Sagan um Bibí Ólafsdóttur*

Pétur Gunnarsson - *Þú í fátæktarlandinu*

Ólafur Ragnarsson - *Til fundar við skáldið Halldór Laxness.*

Guðmundur Ólafsson leikari les

Gljúfrasteinn
HÚS SKÁLDINS
Kaptein

JÓLATRJÁASALA

í Hamrahlíð við Vesturlandsveg

OPNUNARTÍMAR

Laugard. og sunnud.	8. og 9. des.	kl. 12 - 16
Laugard. og sunnud.	15. og 16. des.	kl. 10 - 16
Föstudagur	21. des.	kl. 12 - 16
Laugardagur	22. des.	kl. 10 - 16
Sun. Þorláksmessa	23. des.	kl. 10 - 16

Komið er í hefð að fjölskyldur og einstaklingar komi í Hamrahlíð og höggvi sín jólatré.

Með því styðjum við skógrækt í bænum okkar, verið velkomin.



Hafið samband:

Hjalti Lúðvíksson,

sími 8972180, hjalti@frjo.is

Elísabet Kristjánsdóttir,

sími 5666709, betakd@varmarskoli.is

Sími skógræktarfélagsins 8972516



Jólasýning fimleikadeildarinnar

Árleg fimleikasýning Fimleikadeildar Aftureldingar verður haldin sunnudaginn 2. desember næstkomandi frá kl. 11:00-13:00 í sal 1 í Íþróttahúsinu að Varmá. Sýningin verður með glæsilegasta móti og eru bæjarbúar hvattir til þess að koma og sjá sívaxandi fimleikahæfileika Mosfellinga.



LEIRVOGSTUNGA
— sérbýli í sveit —

Fasteignasala
Mosfellsbæjar





Bergur Steingrímsson
Lögg. fasteignasali



Axel Axelsson
Fræmstaðast.
Lögg. fasteignasali



Björn Þór Hannesson
Sölufulltrúi
865 6565



Vilhelm Guðbjartsson
Sölufulltrúi
661 7497



Sjöfn Finnbjörnsdóttir
Sölufulltrúi
848 5309



Garðar Skarphéðinsson
Sölufulltrúi
893 0082



Högni Kjartan Pórkelsson
Sölufulltrúi
692 9532



Anton Máni Svansson
Sölufulltrúi
615 0005



Jóhannes Kristján Guðlaugsson
Sölufulltrúi
659 7579



Þór E. Pálsson
Sölufulltrúi
846 9433



Vilbergur Gestsson
Sölufulltrúi
659 9945



Smábýli 5, Kjalarnes

**5,8 ha land með byggingarrétt.
Vel staðsett land með marga möguleika.**

Frábært tækifæri. Smábýli 5 úr landi Skrauthóla á Kjalarnesi. Um er að ræða ca. 5,8 hektara (með byggingarrétti) fyrir einbýlishús og t.d. hesthús á fallegum stað undir hlíðum Esjunnar. Landið hallar lítið eitt til vesturs og er mikið og fallegt útsýni frá landinu út á sundin og að Reykjavík. Þetta er frábært tækifæri fyrir þá sem vilja búa rétt við bæjarmörkin en með alla þjónustu í 10 mínútna akstursfjarlægð. Er leigt út sem beitiland í dag. Gott land á besta stað með marga möguleika.

Björn Þór Hannesson
Sölufulltrúi
865 6565
bth@remax.is



Bergur Steingrímsson
Lögg. fasteignasali



Hlíðarvegur 36, 200 Kópavogur

Parhús á flottum stað

**Verð: 44.900.000
Herb. 5**

Miðhæð: Flísalagt anddyri. Gesta WC. Hol með parketi. Rúmgott eldhús með fallegri víðarinnréttingu og góðum borðkrók. Stofa með parketi. Gott herbergi með parketi á gólfi. Hringstigi liggur milli hæða.

Efri hæð: Gott hol/sjónvarpshol með parketi, útgengt á ágæt v-svalir. Stórt baðherbergi með sturtuklefa og baðkari. Hjónaherbergi með parketi á gólfi, góðir skápar. Tvö góð herbergi. Geymsla með hillum.

Kjallari: Tvö herbergi. Hol með flisum. Gesta WC. Anddyri með flisum á gólfi, góð geymsla innaf anddyri. Þvottahús og sturtuklefi. Geymsla innaf þvottahúsi. Þetta er fin eign á besta stað í Kópavogi með mikla möguleika

Björn Þór Hannesson
Sölufulltrúi
865 6565
bth@remax.is



Bergur Steingrímsson
Lögg. fasteignasali



Prastarhöfði 8, 270 Mosfellsbær

**Hringdu núna og bókaðu skoðun!
Högni 6929532**

**Verð: 38.500.000
Herb. 5
Stærð: 140 fm.
Brunab.: 24.600.0**

Björt 5 herbergja íbúð á efrihæð í fjórþýli. Gólf í forstofu er með náttúruflisum. Stofan er opin og björt. Úr stofu er gengið út á svalir með mjög fallegu útsýni í vestur út á sundin. Baðherbergi er flísalagt, sturta og handklæðaoafn. Stór svefnherbergi. Þvottahús inni í íbúð. Ljósar flísar á gólfi og handklæðaoafn. Eldhús með Wicanders flisum á gólfi. Keramikhelluborð er í eyju í eldhúsi. Góð vinnuáðstaða. Íbúðin var sérstaklega hönnuð með auka tölvu- og sjónvarpstengingum fyrir framtíðarnotkun

Garðar Skarphéðinsson
Sölufulltrúi
8930082
gs@remax.is



Bergur Steingrímsson
Lögg. fasteignasali



KÆRI SVEITUNGI.

**Ert þú að fara að selja þína eign
eða veistu um einhvern
í söluhugleiðingum?**

Ég býð öllum þeim sem annaðhvort selja eða stuðla að sölu eigna hjá mér, að hluti söluþóknunnar fari sem styrkur til Aftureldingar. Ekki skiptir máli hvar á höfuðborgarsvæðinu eignin er.



Bergur Steingrímsson
Lögg. fasteignasali

Garðar Skarphéðinsson
Sölufulltrúi
8930082
gs@remax.is





**Anna Margrét
Bjarnadóttir**
Sölufulltrúi
892 0684



**Hrönn
Ingólfssdóttir**
Sölufulltrúi
692 3344



**Óli Gísli
Sveinbjörnsson**
Sölufulltrúi
822 8283



**Aðalbjörg
Angantýsdóttir**
Skrifstofustjóri

**FRÍTT VERÐMAT
FYRIR SÖLU**

Hringdu núna

412 3300

RE/MAX
Þing



**Hallveigartröð 3 og 4
í Reykholti í Borgarfirði**

**Fjölskylduvænt umhverfi.
Kjörið fyrir unnendur náttúru og menningar.
Bókaðu skoðun í síma 8920684**

Dreymir þig um hús í heilandi sveit sem er margrómuð fyrir fegurð, veðursæld og öflugt félags- og menningarlíf? Nú gefst þér einstakt tækifæri að auka lífsgæðin og eignast hús í hjarta hins sögufræga menningarseturs Reykholti í Borgarfirði!!

RE/MAX Þing kynnir glæsileg, vönduð, opin, björt og nýtskuleg einbýlishús (kr 29.900.000) og parhús (kr 18.900.000) á einni hæð með stórum bílskúr. Húsin eru úr timbri klædd járn og standandi máluðum við. Afhendast fullbúin að utan og innan með grófjafnaðri lóð. Einbýlishúsin afhendast með palli og sex manna heitum potti. Húsin eru staðsett við hlið græns svæðis, nálægt miðju þorpsins.

**Anna Margrét
Bjarnadóttir**
Sölufulltrúi
8920684

annamargret@remax.is



**Bergur
Steingrímsson**
Lögg. fasteignasali



Kvíslartunga 7-9, 270 Mosfellsbær

**Flott hús - stórbrotið útsýni!!!
Bókið skoðun í síma 8920684 eða 896 2312**

RE/MAX Þing og Lind kynna: Stílhrein og falleg 277 fm parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr staðsett á einstökum útsýnisstað að Kvíslartungu 7 og 9 í Leirvogstungu í Mosfellsbæ. Stórir útsýnisgluggar eru á báðum hæðum með stórbrotu útsýni. Mikil nálægð við fagra náttúru en samt stutt frá miðbæ Mosfellsbæjar. 3 svefnherbergi og 3 stofur, en hægt er að útbúa 4. svefnherbergið.

Byggingarstig: Húsin eru seld tilbúin til innréttingar. Eignin skilast í samræmi við ÍST 51 kafla 4.5 að öðru leiti en kemur fram í skilýsingu

**Anna Margrét
Bjarnadóttir**
Sölufulltrúi
8920684

annamargret@remax.is



**Bergur
Steingrímsson**
Lögg. fasteignasali



Kvíslartunga 53, 270 Mosfellsbær

**Glæsilegt keðjuhús –
stórbrotið útsýni – stór bílskúr
örstutt í leiksskóla og grunnskóla
Bókið skoðun í síma 8920684**

Verð: 49.900.000

Glæsilegt keðjuhús á tveimur hæðum með innbyggðum 47 fm bílskúr, alls 278 m² að stærð. Húsið er frábærlega staðsett ofarlega í Leirvogstunguhverfinu í Mosfellsbæ þaðan sem stórbrotið útsýni er; allt frá Helgafelli til Reykjavíkur með Esjuna í allri sinni dýrð á milli. Sambyggt skóli og leikskóli er í nokkurra mín göngufæri við húsið. Húsið tengist húsi nr. 51 á bílskúr og hafa þau samliggjandi stórar svalir ofan á bílskúrsþökum sem aðskildar verða með vegg. Þar er gert ráð fyrir heitum potti. Hönnun húsa er einföld og stílhrein. Gengið er inni stóra forstofu þaðan sem innangengt er í bílskúr og á salerni þar sem gert er ráð fyrir sturtu. Stofa og eldhús eru mjög rúmgóð og er útgengi af báðum stöðum út í garð. Innaf eldhúsi er þvottahús en einnig er gert ráð fyrir einu svefn- eða tórmunda herbergi á jörðhæð. Á efri hæð er gert ráð fyrir fjórum svefnherbergjum, salerni og sjónvarpsholi. Þar er einnig 18m² alrími þaðan sem gengið er út á svalir.

**Anna Margrét
Bjarnadóttir**
Sölufulltrúi
8920684

annamargret@remax.is



**Bergur
Steingrímsson**
Lögg. fasteignasali



Fellsás 7, 270 Mosfellsbær

**Stór eign á frábærum
útsýnisstað í Mosfellsbæ**

Eignin er um 425.8fm samkvæmt skráningu fmr en er í raun um eða yfir 500fm. Í dag er húsinu skipt upp í tvær íbúðir. Tvöfaldur 44,2fm bílskúr með tvennum innkeyrsludryrum. Eignarhlutar hússins eru tveir og seljast þeir saman.

Aðkoma að húsinu er á efri hæð. Yfirbyggt anddyri sem er um 35fm og nýtið vel sem yfirbyggður garður. Anddyri hússins er flisalagt með góðu fatahengi. Til hægri er gengið inn í rými sem er notað sem "sér íbúð", þar eru tvo herbergi, sér flisalagt baðherbergi með sturtu og svo stofa. Stórir gluggar til vesturs með ótrúlegu útsýni. Til vinstri er síðan aðal íbúðin. Komið er inn í stóra stofu og borðstofu, parket á gólum. Upptekin loft í stofu. Gluggar á allri vestrhlið hússins með hreint ótrúlegu útsýni.

Sjón er sögu ríkari.

**Hrönn
Ingólfssdóttir**
Sölufulltrúi
692 3344

hronn@remax.is



**Bergur
Steingrímsson**
Lögg. fasteignasali





Kjartan valinn nýliði ársins

Kjartan Gunnarsson #274, félagi í MotoMos var valinn nýliði ársins í motocross 2007. Kjartan er búinn að vera bæta sig svakalega og þegar líða tók á keppnis tímabilið var hann farinn að stríða strákunum í þrem efstu sætum. Frábær árangur hjá þessum unga og efnilega strák. Þess má geta að Valdi og Einar sem einnig keppa fyrir MotoMos hafa gert frábæra hluti í íþróttinni og eru góðar fyrirmyndir fyrir svona unga og efnilega krakka sem vilja ná langt.



Íslandsmeistari í skyldingum

Sævar Baldur Lúðvíksson varð á dögunum Íslandsmeistari 17 ára og yngri í skyldingum með höggverði. Íslandsmeistaramótíð var haldið í nýrri go glæsilegri skyldingarmiðstöð í Baldurshaga. Sævar hlaut einnig silfur í flokki 20 ára og yngri þar sem hann tapaði naumlega úrslitarímmunni með minnsta mögulega mun. Þá hlaut Sævar brons í opnum flokki fullorðinna þar sem hann sigraði hvern reynsluboltann á fætur öðrum en varð að láta í lægra haldi fyrir margföldum Íslandsmeistara í undanúrslitum. Frammistaða Sævars hefur verið afar góð og ljóst að hann á framtíðina fyrir sér í íþróttinni.

MOSFELLINGUR
NÆST 21. DES.

Knattspyrnudeild Aftureldingar gefur út uppskriftarbókina Beint í mark

Skotheldar mataruppskriftir

Út er komin uppskriftabókinn BEINT Í MARK- skotheldar mataruppskriftir frá knattspyrnudeild Aftureldingar. Í bókinni er fjöldinn allur af skotheldum mataruppskriftum, sem upprunnar eru úr eldhúsum fótboltaíðkenda í Mosfellsbæ auk uppskrifta frá nokkrum landsliðsmönnum og konum.

Knattspyrnudeild Aftureldingar fer ekki alltaf troðnar slóðir í fjárfloflun, og best er þegar hægt er að virkja sem flesta eins og raunin er í þetta sinn.

Knattspyrnukrakkar munu ganga í hús í desembermánuði og bjóða bókina til sölu og hefst salan þann 4. desember. Bókin kostar 1500 krónur og rennur andvirðið í barna- og unglingastarf deildarinnar.



Frábær árangur hjá fimleikastelpunum

Fimleikadeild Aftureldingar kom hlaðin verðlaunum af haustmóti FSÍ sem haldið var fyrir skömmu. Barnaliðið hreppti gullverðlaun á dýnu. Unglingaliðið hreppti silfur í dansi og brons á dýnu, auk þess að vera stíghæst af 24 liðum. Þetta er frábær árangur hjá stelpunum. Á mótinu voru öll bestu lið Íslands að keppa. Þær tryggðu sér því með sigrinum þátttöku á næsta Íslandsmóti sem haldið verður í trompfimleikum. Táningalið Aftureldingar hlaut 1 silfur og 2 brons.

Á myndunum má sjá barnaliðið til vinstri og unglingaliðið til hægri.



Fasteignasala Mosfellsbæjar styrkir fimleikadeild Aftureldingar Styðja við bakið á uppbyggingu

Fasteignasala Mosfellsbæjar skrifaði nýlega undir samstarfssamning við fimleikadeildina. Yfirmarkmið samningsins er að efla og styðja við bakið á uppbyggingu deildarinnar í Mosfellsbæ. Fimleikadeildin var stofnuð árið 2000 og hefur vegur hennar vaxið hratt. Nú stunda tæplega 300 börn fimleika við deildina. Með styrk eins og þessum gefst fimleikadeildinni tækifæri til að eflast og blómstra. Innra starf deildarinnar verður efti í vetur og hefur deildin m.a. leitað til annarra félaga um auka þjálfun og aðstöðu fyrir keppnishópa deildarinnar.

Styrkurinn frá Fasteignasölunni er ómetanlegur fyrir deildina og eru aðstandendur hennar þakklátir þeim fyrirtækjum í Mosfellsbæ sem komið hafa að uppbyggingu fimleikaíþróttarinnar í Mosfellsbæ, segir Anna Margrét Arnardóttir, framkvæmdastjóri deildarinnar.

Á myndinni má sjá frá undirritun styrksins Harpa Smáradóttir og Valborg Konráðsdóttir, stjórnarmenn ásamt Einari Páli Kjærnested, framkvæmdastjóra Fasteignasölunnar og Önnu Margréti Arnardóttur, framkvæmdastjóra fimleikadeildarinnar.



Afturelding leikur í íþróttafatnaði frá Jako

NAMO ehf.
Þverholti 2
Kjarna



símar: 566-7310 og 896-0131 namo@namo.is



ÁRSHÁTÍÐ BÓLSINS

Árshátíð félagsmiðstöðvarinnar Bólsins var haldin hátíðleg í Hlégarði miðvikudaginn 21. nóvember. Mikil stemmning var fyrir henni eins og alltaf og tókst hún vonum framár. Viðburðir eins og annáll og kosningar voru auðvitað til staðar. Leynigesti var bætt inn í dagskrána, að þessu sinni og var þar á ferð Bjarni töframaður, sem að kítlaði hláturtaugar ungmennanna. BBCrew tryllti svo lýðinn og fóru krakkarnir sveittir og sáttrir heim.



Vegna væntanlegra breytinga vantar okkur bæði deildastjóra og starfsfólk á deild.

Við auglýsum eftir leikskólakennara og öðru starfólki.

Við leitum að fólki sem hefur ánægju og gleði af að starfa með börnum, er samviskusamt, stundvíst og tilbúið að leggja sitt að mörkum til að skapa ánægjulegt starfsumhverfi.

Einkunnarorð leikskólastarfsins eru **leikur, gleði og sköpun.**
Leikskólinn er reyklusinn vinnustaður.

Peir sem hafa áhuga hafið samband við Valdísi Ósk leikskólastjóra í síma 5666039 eða gsm. 6939837
email: berg@leikskolar.is
Heimasíða leikskólans er: bergid.is



Opið

allan sólarhringinn

Við erum við Esso stöðina Háholti í Mosfellbæ, Reykjavíkurvegi Haf. og í Bæjarlind Kóp.

LÖÐUB

- miðstöð bílaunnenda!

Fyrir þá sem hugsa vel um bílinn sinn! - Sími 544 4540



Sigraði undan-keppni Samfés

Stefanía Svavarsdóttir tók þátt fyrir hönd Bólsins í undankeppni Söngkeppni Samfés sem að haldin var í Vogum helgina 9-11 nóvember. Stefanía kom sá og sigraði með laginu Fever sem að hún tók án undirspils og uppskar fyrir það mikið lófaklapp. Hún mun því syngja í aðal Söngkeppni Samfés sem að haldin verður í Laugardalshöllinni 8. mars næstkomandi.



Kynning í íþróttamiðstöðinni

Laugardaginn 1. desember á milli kl. 14 og 16 verður kynning í íþróttamiðstöðinni Lágafelli. Kynnt verður ný hárlína sem verið er að byrja selja, svo og snyrtivörur fyrir dómur og herra. Á staðnum verður einning kynnt ný starfsemi í húsinu. Þar ber helst að nefna nýjan nuddara, Ingrid, sem er með hefðbundið nudd og hefur starfað í íþróttamiðstöðinni síðan í október. Lilja og Sigrún eru einnig um þessar mundir að hefja annars vegar höfuðbeina- og spjaldhryggsgjöfnun og hins vegar heilun. Kynnt verður kaffihús staðarins og möguleikana sem þar eru í boði. Vonast starfsfólk til að sjá sem flesta á morgun.

TIL SÖLU



Vorum að fá í sölu fjölbýlishúsið við Stórkrika 1 í Mosfellsbæ. Í húsinu eru 15 stórar, 2ja, 3ja og 4ra herbergja íbúðir. Íbúðirnar verða seldar fullbúnar, með gólfefnum, ísskáp, uppþvottavél, þvottavél og þurrkara. Í húsinu eru tveir stigagangar og lyftur í hvorum gangi. Bílskúrar fylgja sumum íbúðum. Afhending í febrúar og apríl 2008. Þetta eru stórar íbúðir á mjög hagstæðu verði.

Verðdæmi:

- 2ja herb	102,5 m ²	verð 25,4 m.
- 3ja herb	121,7 m ²	verð 27,9 m.
- 4ra herb	137,3 m ²	verð 29,5 m.



STÓRIKRIKI 1 - FJÖLBÝLI

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnestad
Löggiltur fasteignasali

Kjarna, Þverhotli 2
586 8080
www.fastmos.is



Björn Þór, einn eigenda Re/Max þings, Magnús Már og Aðalbjörg skrifstofustjóri.

Magnús Már sigraði ljósmyndakeppni Re/Max Úrslit í ljósmyndakeppni

Fasteignasalan Re/Max þing stóð fyrir ljósmyndasamkeppni fyrir bæjarbúa og hefur nú verið krýndur sigurvegari. Myndefnið var frjálst en þurfti þó að tengjast bæjarlífinu og menningunni í Mosfellsbæ á einhvern hátt. Þátt-takan var góð og dómnefnd átti í vöndu að ráða við val á bestu myndinni. Myndirnar eru til sýnis á fasteignasölu sem staðsett er í Háholtri 13-15. Áhugaljósmyndarinn Magnús Már bar sigur úr þítum og fékk hann glæsileg verðlaun sem voru 50.000 kr. gjafabréf hjá Icelandair.



Mikið um að vera hjá Leikfélagi Mosfellssveitar Þegar trölfi stal jólinum

Þessa dagana er mikið um að vera hjá Leikfélagi Mosfellssveitar. Grýla, Leppalúði og jólasveinarnir eru farin að dusta af sér rykið og æfa jólalögin og einnig er verið að æfa jólaleikritið Þegar Trölfi stal jólinum. Það eru 13-16 ára krakkar sem taka þátt í uppsetningunni, en leikstjórar eru Sigrún Harðardóttir og Agnes Þorkelsdóttir Wild. Æfingar ganga vel og stefnir í hörku sýningu hjá krökkunum, fulla af gleði, söng og dansi.

Nú eru aðeins þrjár sýningar eftir á barnaleikritinu Allt í plati eftir Þröst Guðbjartsson í leikstjórn Herdísar Þorgeirsdóttur og Ólafs Haraldssonar. Leikritið, sem er sýnt á laugardögum, hefur heldur betur slegið í gegn og hefur verið fullt út úr dyrum á hverri sýningu.

Laugardaginn 1. desember verður sýnd skemmtidagskráin Til hamingju Biddi! sem samanstendur af brotum af því besta úr verkum Birgis Sigurðssonar, félaga í LM. Nú er um að gera fyrir Mosfellinga að lyfta sér upp í skam-mdeginu, skella sér í Bæjarleikhúsið og eiga saman notalega stund fyrir jólin. Nánar á leikmos.is



Jólin hennar Jóru í Lágafellskirkju

Sunnudaginn 9. desember kl. 13:00 verður leikritið „Jólin hennar Jóru“, Flutt í Lágafells-kirkju. Hér er á ferðinni glænýtt jólaævintýri unnið undir áhrifum frá þjóðsögunum.

Leikritið segir frá Jóru litlu en hún er tröllastelpa sem býr upp í fjöllum. Einn daginn stelar hún jólakákunum hans Skrepps en hann er einn besti aðstoðar-maður jólasveinanna. Allt er í þati því án kíkisins góða geta þeir ekki vitað hvort börnin séu þæg og góð til að fá í skóinn. Fer Skreppur því af stað til að hafa upp á kákinum en það verður ekki auðvelt því Jóra er farinn til mannabyggða, að upplifa þessi jól sem allir eru að tala um. Höfundar og leikarar eru þau Eggert Kaaber og Katrín Þorkelsdóttir. Um er að ræða ferðasýningu fyrir 1-9 ára og er sýningartími um 30 mínútur.

Jólasveinar á vegum lúðrasveitar

Það styttesti í að jólasveinarnir fari á stjór og leiti uppi glugga með skó. Hér er tilvalin glaðning-ur fyrir börn að safna og setja t.d. á ísskápinn. Þakinn með þessum 13 heiðursmönnum kostar kr. 1.300. Hægt er að nálgast segl-ana með þeim rauðklæddu í Inn-römmun E.S.S. eða með því að senda póst á skomos@ismennt. Annars verða hressir hljómsveit-arkrakkar á ferðinni um bæinn fyrir jólin.



Heimgreiðslur – lausn á dagvistunarvanda Mosfellsbæjar

Það er í raun ótrúlegt að Mosfellsbær, sem gefur sig út fyrir að vera fjölskylduvænn bær, sé ekki farn að bjóða upp á heimgreiðslur til foreldra. Slíkar greiðslur hafa verið teknar upp í Kópavogi, á Seltjarnarnesi og í Kjósinni með góðum árangri. En með þeim stendur foreldrunum það val til boða að vera áfram heima með börnum sínum þegar fæðingarorlofi lýkur og fá greitt fyrir það sömu upphæð og þeir foreldrar sem fara með börn sín í daggeslu. Foreldrar í Mosfellsbæ hafa margoft óskað eftir því við bæjaryfirvöld að slíkt kerfi verði tekið upp í bænum enda myndu slíkar greiðslur leysa mikið af dagvistunarvanda bæjarins.

Of langir biðlistar eftir vistun

Það kostar um 70.000 þúsund krónur á mánuði, eða meira, að hafa barn í fullri vistun hjá dagforeldrum. Þetta er mikill peningur og fólk þarf að vera í vel launaðri vinnu til þess að það hreinlega borgi sig að fara að vinna, ég tala nú ekki um ef að fólk er með fleiri en eitt barn. Sjálfstæðismenn í Mosfellsbæ hafa sagst vilja tryggja öllum börnum dagvistunarúræði strax frá lokum fæðingarorlofs foreldra, en eins og staðan er í dag eru þeir langt frá því markmiði þar sem langir biðlistar eru bæði hjá dagforeldrum og á leikskólum. En er það ekki líka dagvistunarúræði ef að ég ákveð að vera heima með barnið mitt? Afhverju skiptir það bæjarfélagið máli hvort ég er sjálf heima með barnið mitt eða hvort ég set það í dagvistun? Afhverju er greitt fyrir



annað en ekki hitt?

Sumir setja spurningarmerki við heimgreiðslur út frá jafnréttissjónarmiðum og benda á að hugsanlega myndu fleiri konur en karlar nýta sér það að vera heima með börn sín. Það má vel vera að fleiri konur nýti þetta en karlar en mér finnst rétt að benda á að það er skortur á dagforeldrum í Mosfellsbæ og því eru margir sem kjósa það ekki að vera heima heldur einfaldlega neyðast til þess og ættu þeir að fá greiðslu frá bænum líkt og þeir sem hafa börn sín hjá dagforeldrum. Einnig vill ég benda á það að í Kópavogi er hámarks heimgreiðsla 30.000 kr. Sú upphæð myndi ekki hafa úrslitavald hjá mörgum og því myndu heimgreiðslur ekki leiða til þess að mikið fleiri ákveði að vera heima með börnunum sínum heldur myndu þær hjálpa þeim sem kjósa að vera heima.

Lengi býr að fyrstu gerð

Auglýsingar Lýðheilsustöðvar segja okkur að besta forvörnin fyrir börn sé sú að foreldrar eyði meiri tíma með börnunum sínum og það leiðir hugann að spurningunni hvers vegna erum við alltaf að styrkja fólk í því að fara út á vinnumarkaðinn? Af-

hverju styrkjum við ekki til jafns það fólk sem vill vera heima með börnunum sínum? Gamli málshátturinn lengi býr að fyrstu gerð er nefnilega ennþá í fullu gildi.

Í þessum töluðu orðum er bæjarstjórnin að gera fjárhagsáætlun fyrir árið 2008. Ég skora hér með enn og aftur á bæjarstjórnina að sýna vilja í verki og taka upp heimgreiðslur svo að Mosfellsbær geti í raun talist sá fjölskylduvæni og barnvæni bær sem að hann gefur sig út fyrir að vera.

Jóna Björg Ólafsdóttir,
móðir í Mosfellsbæ

Aðsendar greinar

Greinum skal skila inn með tölvupósti á netfangið mosfellingur@mosfellingur.is og skulu þær ekki vera lengri en 500 orð.

Greinum skal fylgja fullt nafn ásamt mynd af höfundi.

MOSFELLINGUR



Sjálfsmyndir í anda gamalla meistara

Nemendur í myndlistarvali Lágafellsskóla og Varmárskóla hafa opnað málverkasýningu í Listasal Mosfellsbæjar. Þetta er í fjórða skiptið sem afrakstur samvinnuverkefnis grunnskóla Mosfellsbæjar eru sýnd í Listasalnum og hafa sýningarnar vakið mikla athygli. Í þessu verkefni voru nemendur látnir kynna sér sögu portrett listaverka. Þau svo máluðu sitt eigið andlit á þekkt málverk og ljósmyndir. Um umsjón verkefnisins sjá Arna Björk Birgisdóttir myndmenntakennari í Lágafellsskóla og Elísabet Stefánsdóttir myndmenntakennari í Varmárskóla. Sýningin stendur yfir til 8. desember.



Jólamarkaður Ásgarðs að Álafossi

Hönnuðir og listamenn Ásgarðs taka á móti gestum á morgun, laugardag, kl. 12-17 á sínum árlega jólamarkaði. Á boðstólnum verður heitt súkkulaði og tónlistaratriði. Ásgarður er handverkstæði fyrir fólk með þroskahömlun sem hefur verið starfrækt frá 1. október 1993.

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?

SENDU OKKUR LÍNU...

MOSFELLINGUR

mosfellingur@mosfellingur.is

8 liða úrslit bikarkeppni HSÍ, sunnudaginn 2. des kl. 16 í gryfjunni að Varmá

JUMBOYS VS AKUREYRI



Hvað gera gömlu jaxlarnir gegn sprækum Akureyringum? Mættu í gryfjuna og vertu með!

Sunnudagur 2. des kl. 16:00

Taplausir á tímabilinu!





Forvarnardagur í grunnskólunum

Lágafellsskóli og Varmáarskóli voru með dagskrá á forvarnardaginn í síðustu viku um þau þrjú heilræði sem rannsóknir sýna að duga best sem forvarnir gegn fíkniefnum. Þau eru: samvera, þátttaka í íþrótt- og æskulýðsstarfi og að hvert ár skiptir máli varðandi áfengisneyslu, því seinna því betra. Niðurstaða þessa verkefnis verður væntanlega kynnt í byrjun næsta árs. Einnig tóku nemendur þátt í ratleik á netinu sem aðstandendur Forvarnardagsins efndu til.

Á Forvarnardaginn er lögð megináhersla á að koma því til skila sem áratugalangar rannsóknir íslenskra fræðimanna við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík hafa sýnt að skili mestum árangri í forvörnum gegn fíkniefnum.



Sýning Þóru á Hvirfli í Mosfellsdal

Þóra Sigurþórsdóttir leirlistarkona á Hvirfli í Mosfellsdal heldur um þessar mundir sýningu á listmunum sínum. Sýningin er í nýju galleríi að Hvirfli og verður opin alla daga vikunnar, 2.-14. desember, kl. 14-18.



Allt til jólaanna fáanlegt í Bymos

Byggingarvöruverislu Mosfellsbæjar hefur verið starfrækt hér í bæ í nær 5 ár. Ekki þarf að leita langt yfir skammt fyrir jólin því Bymos býður upp á mikið úrval af jólaseríum og skrauti á góðu verði auk þess sem fáanlegar eru allar gerðar af ljósaperum og flúrperum.

Uppskeruhátíð barna- og unglinga var haldin fyrir skömmu

Bestu og efnilegustu knaparnir

Uppskeruhátíð barna og unglinga í hestamannafélaginu Herði var haldin 20. nóvember síðastliðinn. Viðurkenningar fyrir knapamerki voru afhent sem og viðurkenningar fyrir keppnisárangur.

Barnaflokkur

Besti knapi:

Margrét Sæunn Axelsdóttir

Efnilegasti knapi: Hinrik Helgason

Unglingaflokkur

Besti knapi: Arnar Logi Lúthersson

Efnilegasti knapi:

Sara Rut Sigurðardóttir

Ungmennaflokkur

Besti knapi: Linda Rún Pétursdóttir

Efnilegasti knapi:

Sigríður Sjöfn Ingvarsdóttir



Knaparnir sem fengu viðurkenningu: Margrét Sæunn Axelsdóttir, Hinrik Helgason, Arnar Logi Lúthersson, Sara Rut Sigurðardóttir, Sigríður Sjöfn Ingvarsdóttir. Á myndina vantar Lindu Rún Pétursdóttur.

Hlæjandi barn er besta andlitsmynd ánægjunnar

Andleg vellíðan hefur mikið að segja fyrir almennt heilbrigði og má því ekki gleymast í umræðu um lýðheilsu. Margt er það sem hefur áhrif á andlega líðan okkar en í þessum pistli er athyglinni beint að kvíða barna og unglinga. Sérstaklega verður skoðað hvað hægt er að gera til að fyrirbyggja og draga úr óhóflegum kvíða barna.

Nokkur kvíði er í raun eðlileg tilfinning hjá heilbrigðu fólki, bæði börnum og fullorðnum. Ef kvíðinn er undir góðri stjórn er hann örvari, viðnýtum betur hæfileika okkar séum við hæfilega kvíðin. Verði kvíðinn hins vegar svo mikill að við ráðum ekki við hann eða birtist í ofsahræðslu er um sjúklegt ástand að ræða sem lamar andlega starfsemi okkar og hefur jafnvel áhrif á líkamsstarfsemi. Því er mikilvægt að gera greinarmun á kvíða sem er algengur og eðlilegur á þroskaðum barn og yfirþyrmandi kvíða eða ofsahræðslu sem bregðast þarf við og meðhöndla sérstaklega.

LÝÐHEILSUHORNIÐ

Óhóflegur kvíði hefur áhrif á hugsanir, hegðun og tilfinningar barns. Einkenni kvíðaraskana eru í grunninn þau sömu óháð aldri barnsins en munurinn liggur í því hvernig þau birtast. Erfitt getur verið að koma auga á kvíðaraskanir hjá börnum þar sem einkennin eru dulin eða eru talin merki um annars konar erfiðleika, s.s. hegðunarerfiðleika enda birtist kvíðinn oft í erfiðri hegðun. Erfitt er að segja með vissu til um tíðni kvíðaraskana hjá börnum. Rannsóknir sýna

að allt að 40% barna séu haldin kvíða að einhverju marki og sterk rannsóknarrök eru fyrir því að eitt af hverjum tíu börnum glími við óhóflegan kvíða.

Kvíðaefni barna

Kvíðaefni barna eru breytileg eftir aldri barna og tengjast þroskastigi þeirra. Kvíði smábarna tengist ytri aðstæðum (s.s. ókunnugum, ákveðnum hlutum, hljóðum eða hávaða). Þegar barnið eldist fer kvíðinn að snúast um ýmiss konar ímyndaðar verur, dýr, drauga, myrkur o.þ.h. Í miðbernsku eykst raunveruleikaskilningur barns og fyrri kvíði vikur fyrir náms- og félagsstengdum kvíða (s.s. kvíða fyrir að standast ekki kröfur, að verkefni séu ekki nógu vel unnin, fyrir gagnrýni og ásökunum, óvinsældum hjá skólafélögum, hræðslu við að einangrast og kvíða fyrir að koma fram). Þessi kvíðaefni fylgja börnum fram á unglingsár en áherslan verður þó yfirleitt meiri á kvíðaefni sem tengjast líkama, útliti og framkomu unglingsins. Félagslegur kvíði eykst einnig sem og áhyggjur af ábyrgð og skyldum, framtíðinni, prófum o.þ.h.

Birtingarform kvíða

Eins og áður sagði birtist kvíðinn á misjafnan hátt eftir aldri barnsins en einkennin eru þó í grunninn hin sömu:

- Óraunhæfar og óstjórnlegar áhyggjur
- Líkamlegir verkir og vöðvaspenna
- Preyta og svefntruflanir
- Eirðarleysi

- Einbeitingarerfiðleikar
- Pirringur og jafnvel reiðiköst
- Uppgjafartilfinning

Hvað geta foreldrar gert?

- Hjálpað barninu að gleyma sér um stund við önnur viðfangsefni en þau sem vekja kvíða.
- Haft fastar venjur (rúttinu) dagsdaglega og gefið góðan tíma til undirbúnings..
- Stutt barnið til að takast á við kvíðavekjandi aðstæður, ekki gefið leyfi til að forðast þær alveg. Hjálpað barninu að sigrast á „kvíðaskrímslinu“.
- Undirbúið barnið áður en það þarf að takast á við kvíðavekjandi aðstæður og lagt áherslu á það jákvæða í aðstæðunum.
- Hvatt barnið áfram með uppbyggilegum athugasemdum og hrósi. Hunsað það sem miður fer.
- Verið til staðar þegar barnið þarf að tjá sig um líðan sína, sýnt skilning, hlýju og stuðning.
- Hrósað fyrir hugrekki við að takast á við kvíðavaldandi aðstæður, jafnvel þó ekki hafi gengið vel.
- Útbúið „hrósbók“ með barninu.
- Kennt barninu vöðvaslökun, öndunaræfingar og aðrar slíkar leiðir til að takast á við kvíðann.
- Kennt uppörvandir hugsanir og jákvætt sjálfstal.
- Kennt góða námstækni.

Rétt er að leita aðstoðar þegar kvíðinn er orðinn svo mikill að hann hefur áhrif á daglegt líf barnsins og/eða fjölskyldunnar. Betra er að fara fyrir en síðar af stað.

Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, sálfræðingur

ALLT HEFUR ÁHRIF - EINKUM VIÐ SJÁLF

Aðalfundur Varmársamtakanna án stjórnarkjörs

Á aðalfundi Varmársamtakanna, 19. nóvember síðastliðinn, kom upp ágrein-ingur um stjórnarkjör. Samkvæmt 4. grein félagslaganna áttu tveir menn að ganga úr stjórn en gátu að vísu gefið kost á sér aftur. Meirihluti stjórnarinnar taldi hins vegar að ekki ætti að ganga til kosninga á fundinum því enginn hefði setið full tvö ár en samkvæmt félagslögum eru menn kjörnir til tveggja ára í senn. Samtökin voru stofnuð í maí 2006 og þegar efnt var til fyrsta aðalfundarins þá um haust- ið hafði stjórnin setið í hálf tveimur árum og á



aðalfundinum núna í hálf tveimur árum, að stærstum hluta óbreytt og án endurkjörs í tvö stjórnartímabil.

Drjúgur hluti aðalfundarins fór í að ræða túlkun á fyrrnefndri lagagrein en þessi mál hefðu að sjálfstöðu þurft að vera ljós fyrir fundinn. Í fundarboði hafði verið auglýst eftir áhugasömu fólki í stjórn og höfðu nokkrir einstaklingar tilkynnt um framboð sitt. Þeir fengu ekki að kynna stefnumál sín á fundinum, eins og gert er ráð fyrir í félagslögum, og atkvæðaseðlarnir voru aldrei notaðir því stjórnarkjörið var einfaldlega

blásið af. Lok fundarins urðu endaslepp, skoðunarmenn reikninga voru ekki kjörnir og orðið ekki gefið laust undir liðnum Önnur mál.

Framhaldsaðalfundur Varmársamtakanna verður ekki boðaður fyrr en í vor þar sem þetta álitamál verður væntanlega leitt til lykta. Það er fáheyrt að framhaldsaðalfundur í félagi sé haldinn hálfu ári eftir aðalfund þess. Þegar nauðsynlegt er að boða til slíks fundar er venjan að halda hann sem allra fyrst. Þess í stað hyggst stjórnin sitja óbreytt í vetur í skjóli umdeildrar lagatúlkunar.

Bjarki Bjarnason

Framsýni, áreiðanleiki og metnaður

Á bæjarstjórnarfundum sem haldinn var þann 21. nóvember s.l. voru fyrstu drögmeirihlutabæjarstjórnar að fjárhagsáætlun fyrir árið 2008 kynnt. Mikil fjölgun íbúa setur mark sitt á áætlunina. Tekju- og gjaldaliðir hækka því umfram verðbólgu. Óhætt er að segja að mikill metnaður, framsýni og áreiðanleiki einkenni fjárhagsáætlunina.

Gert er m.a. ráð fyrir óbreyttri útsvarsprósentu, óbreyttum prósentum í álagningu fasteignagjalda, verulegri hækkun á framlagi til íþróta- og tómstundarmála. Framlag til umhverfismála er stórukið og vegur þar þyngst ráðning umhverfisstjóra sem jafnframt mun sinna málefnum staðardagskrár 21.

Jafnframt er gert ráð fyrir því að á árinu 2008 fari fram vinna við að samvinna starf í frístundaseljum og almennu grunnskólastarfi þannig að til verði heilsdagsskóli í fullmótadri mynd fyrir yngstu bekk grunnskólans. Þegar þessu markmiði er náð gefst tækifæri til að fella niður gjaldtöku fyrir frístundasæl þannig að náms og viðvera í grunnskólum verði gjaldfrjálgs. Jafnframt er gert ráð fyrir mikilli aukningu í framlögum til lista- og menningarsjóðs.



Ég vil nota tækifærið og þakka sviðsstjórum og öðru embættisfólki bæjarins fyrir þá miklu vinnu sem það hefur lagt á sig við fjárhagsáætlunargerðina, ljóst er að allir hafa lagt á eitt. Álagið á alla stjórn-sýslu bæjarins er mikið í svo ört stækkandi bæjarfélagi.

Um þessar mundir fer fram víðamikil stefnumótunarvinna undir stjórn Haraldar Sverrissonar bæjarstjóra sem gert er ráð fyrir að ljúki í lok janúar. Miklar vonir eru bundnar við að sú vinna skili miklum og góðum árangri sem létta muni allt álag og um leið stórbæta alla þjónustu bæjarfélagsins.

Mörg önnur spennandi verkefni eru nú einnig í burðarliðnum. Vinna við miðbæjarskipulag er langt komin. Vinna dómnefndar vegna fyrirkomulags í Krikaskóla er á lokastigi. Auglýst hefur verið eftir tillögum að nýju útilistaverki sem reist verður á torginu við hlið Kaupþings banka, gegnt Kjarna og nú er að hefjast vinna við undirbúningað samkeppni um ævin-týragarð svo eitthvað sé nefnt.

Það eru spennandi tímar framundan í Mosfellsbæ.

Karl Tómasson,
forseti bæjarstjórnar

Aðalfundur Vinstri grænna

Velheppnaður aðalfundur Vinstri grænna í Mosfellsbæ var haldinn í byrjun mánaðarins. Eftir skýrslu formanns, venju-leg aðalfundarstörf og opnar umræður hélt sérstakur gestur fundarins, Guðfríður Lilja vara-þingmaður VG í Suðvestur-kjördæmi tölu.

Þar bar hæst, fræðslu- og umhverfismál. Guðfríður Lilja bar fundinum einnig góðar kveðjur frá flokksforystu Vinstri grænna og sagði samstarfið við Sjálfstæðisflokkinn í meirihluta bæjarstjórnar Mosfellsbæjar hvarvetna vekja mikla athygli og með því væri fylgst af áhuga. Guðfríður Lilja sagði samstarfið augljóslega ganga vel þrátt fyrir mismunandi áherslur flokkanna í mörgum málaflokkum.

Þetta er fjölmennasti aðalfundur frá stofnun Vinstri grænna í Mosfellsbæ og aldrei hafa félagsmenn verið fleiri. Það gefur okkur byr í seglin og sýnir sterka stöðu flokksins í bænum og að starfið gengur vel.

Ólafur Gunnarsson
formaður Vinstri grænna í Mosfellsbæ



ORÐIÐ ER LAUST...

Hér gefst lesendum kostur á að láta skoðanir sínar í ljós í stuttu máli.
mosfellingur@mosfellingur.is



Almenningssalerni afdrep sprautufikla

Ég varð fyrir óskemmtilegri lífFREYNSLU um daginn þegar ég tók eldinsneyti á bensínstöð hér í bæ. Nokkrir unglingar sem greinilega voru undir áhrifum eiturfylla athöfnuðu sig eins og ekkert væri sjálfsgaðara á salerninu. Mér stóð ekki á sama og hringdi í samræmi við starfsfólk stöðvarinnar á lögregluna. Engin svaraði í Mosfellsbæ og lögreglan í Reykjavík sagðist ekki hafa tök á því að koma til Mosfellsbæjar. Þetta fannst mér verulega slök þjónusta fyrir 8000 manna bæjarfélag. Ég gafst ekki upp og þaut upp á lögreglustöð við Völuteig en þar var engin við og því ekkert annað hægt en að horfa upp á unglingana sprauta í sig eitri og ekkert geta viðhafst og þau voru í vægast sagt annarlegu ástandi. Þessir sprautufiklar þrifa svo sprauturnar sínar með því að pota þeim í gegnum klósettrúllurnar sem almenningur notar. Þetta er stórhættulegt og verður að koma í veg fyrir. Við getum ekki sem íbúar Mosfellsbæjar látið sem ekkert sé. Þetta snertir öryggi í okkar heimabyggð. Ég hvet eigendur bensínstöðva, sjoppna og annara almenningstaða til að taka upp útfjólublátt ljós á salernum sínum. Það fæli þessir sprautufikla frá, en þessi aðferð hefur borið góðan árangur víða. Þetta er bara blákaldur raunveruleiki sem við okkur blasir. Við þurfum að hafa augun opin og standa sam. Það vita allir hversu alverlegir sjúkdómargætt smitast með þessum sprautum.

Stefán



Herbalife - frábær næring!

Viltu léttast? Viltu þyngjast? Fá meiri orku? Pantaðu frían sýnishornapakka. Skin Activator snyrtivörur og fleira.

Guðbjörn Sigvaldason

Sjálfstæður Herbalife dreifingaraðili
Sími 692 3878 - 566 7738

Pantaðu á Netinu → www.heilsufrettir.is/bjossi

Vilt þú gefa persónulega jólagjöf í ár?

Er með silkidamask rúmföt og ef þú vilt gera þau enn fállegri láttu þá setja upphafsstafina, einnig merkt handklæði, fliðshúfur og derhúfur.

Flottar gjafir fyrir öll tilefni. Merki flest allan fatnað.

Íþróttafólk þar sem allir eru í eins galla - afhverju ekki að setja nafnið í gallann? Endilega hafið samband við mig eftir kl. 17 á daginn í síma 5579315 eða á ragnaros@simnet.is



...að Ester og Ómar séu búnir að eignast litla stelpu.

...að Bjarki Már og Kolla hafi slegið til og gift sig í sömu andrá og þau skírðu litlu dóttur sína.

...að á síðustu stundu hafi verið blásin af kosning í stjórn Varmársamtakanna. Á aðalfundinum gáfu þrjú kost á sér, þau Bjarki Bjarna, Marta Guðjóns og Palli hnífasmíður.

...að Guðný í Flekkudal hafi vænt oddvita Kjósarhepps um ólögmeta slátrun óskilafjár sem hún taldi í sinni eigu.

...að Lísu í Telpunum sé ófrísk.

...að World Class opni í Lækjarhlíð með pompi og prakt 15. desember.

...að stjörnukokkurinn Tóti Eggerts sé búinn að kaupa veitingastaðinn Tveir Fiskar.

...að Kolfinna Baldvins sé nú búsett á Krosshóli í fjarveru foreldra sinna.

...að Bjarni Ásgeir sé búinn að selja sitt stóra og glæsilega hús, Rein, við Krókabyggð.

...að Úlli í Krónunni sé kominn heim og tekinn við sem verslunarstjóri í Mosanum.

...að dregið verði um næstu mótherja Mosfellinga í spurningarkeppninni Útsvar í kvöld. Okkar lið er komið í 16-liða úrslit

...að brotist hafi verið inn í eina af hárgreiðslustofum bæjarins á dögnum

...að Sunna Sæm eigi von á jólabarni

...að Sara, í eldhúsinu hér til hliðar, kunni einnig mjög góða uppskrift af alvöru Sörum fyrir jólin.

...að Júníorinn Steindi ætli að halda feiknar skráll á Gullöldinni annað kvöld.

...að illa gangi að fá ljós á ljósastaurana á skólalóð Lágafellsskóla.

...að Brúarhóllinn sé horfinn.

...að Viggi sé farinn að kæsa skötuna.

...að kveikt verði á jólatréinu á morgun, laugardag, kl. 16.

Endilega sendið okkur slúður mosfellingur@mosfellingur.is



Hundurinn Lappi og kötturinn Púli á lambaskinni frá Grænlandi. Þeir félagar hafa ekki hist áður með svo nánum hætti.

Lappi og Púli eru elstu gæludýr Mosfellsbæjar Elstu ferfætlingarnir

Mosfellingi barst á dögnum ábending um ferfætlinga hér í bæ sem báðir eru komnir vel til ára sinna. Fyrir tilstuðning fósturfæðra sinna fengust þeir félagar Lappi og Púli til að sitja fyrir á einni mynd fyrir blaðið.

Kötturinn Púli dregur nafn sitt af því, hve mikið púl var fyrir móður hans að fæða hann í júní 1988, þannig að hann verður tvítugur næsta vor. Hann býr hjá fósturföreltrum sínum Gylfa Guðjónssyni og Elfu Guðmundsdóttur. Hann er ljúfur og skemmtilegur köttur, varð ungur blindur á öðru auga og er nú farinn að tapa heyrn. Heimilislæknir Púla er Helgi Sigurðsson. Púla finnst skemmtilegast að sitja á skrifborðinu og hjálpa fósturföðrum sínum við tölvuna, hann kvartar gjarnan og kallar eftir því að unnið sé við skrifborðið. Haldið verður upp á tvítugsafmælið með rækjum og flottheitum á næsta ári.

Hundurinn Lappi fæddist hins vegar á Kjalarnesi 20. apríl 1991 og er því orðinn 16 ára. Hann er skosk-íslensk blanda og er mjög hress miðað við aldur. Lappi býr í Reykjabýggð með fósturföreltrum sínum þeim Þorsteini Sigvaldassyni og Kristínu Þórmundsdóttur. Lappi er með skráningarnúmerið 455 sem er lægsta númerið á skrá hjá bænum.

MOSFELLINGUR

KEMUR NÆST
ÚT 21. DES.

MÆÐGIN

SKYLDLEIKADÁLKURINN



Steinunn Marteinsdóttir
Myndlistarkona



Haraldur Sverrisson
Bæjarstjóri

Í eldhúsinu

HJÁ SÖRU

Hnetusteik á jólum

Þar sem ég borða ekki kjöt þá er þetta jólasteikin mín. Það tekur nokkurn tíma að gera hana, ég er reyndar búin að leggja í bleyti og sjóða baunirnar og á þær í frysti. Ég geri steikina í byrjun desember og set í frysti þannig að á aðfangadag þegar ég elda hamborgahrygginn og fleira góðmeti fyrir annað heimilisfólk, þarf ég einungis að taka hnetusteikina úr frysti og hita upp. Ég nota sama meðlæti og með hamborgahryggnum, góða sósu, heimalagað rauðkál, ávaxtasalat, brúnaðar kartöflur og bara hvað sem hugurinn gírnist.

Hnetusteik

1 bolli sojabauur
- soðnar og hakkaðar.
1 bolli stutt hrísgrjón – soðin.
200 gr. hnetur eða möndlur
– flögur eða gröfhakkaðar.
½ laukur – saxaður smátt.
½ lítill kúrbítur – rifinn.
200 gr sveppir – saxaðir.
Ólífuoía.

2-4 egg.
Hafrmjöl- u.þ.b. hnefi,
rasp eða rífið brauð.
Grænmetisraftur.
Jurtasalt.
Best á allt - frá Pottagaldri.
½ blöðrukál.
1 pk smjördeig (Findus).

Losið blöðrukálið í sundur og setjið blöðin í sjóðandi vatn í 2-4 mínútur. Dýfið þeim síðan í kalt vatn, látið renna vel af þeim og þerrið. Ristið hneturnar við vægan hita á pönnu eða í ofni. Steikið lauk, sveppi og kúrbít í olíu. Blandið saman baunum, hrísgrjónum, hnetum, grænmeti, mjöli og eggjum og kryddið. Ef deigið er of blautt er sett meira mjöl, ef það er of þurr þá er bætt við fleiri eggjum. Það á að vera svipað og fars. Fletjið smjördeigið út á hveitistráðu borði í aflangan ferhyrning, ekki hafa það of þunnt. Setjið blöðrukálsblöð ofan á mitt



smjördeigið, síðan helmingsinn af deiginu ofaná kálið. Þá er fyllingin (Kastaniufylling) sett ofaná og síðan hinn helmingsinn af deiginu. Leggið síðan blöðrukálsblöð þar ofaná. Lyftið langhliðum smjördeigsins varlega og lokið hleifnum vel að ofan. Skerið burt afgangssveig og notið til skreytinga. Penslið hleifinn að lokum með hræðu eggi. Bakið við 200° hita í u.þ.b. 45 mínútur eða þar til hleifurinn er fallega gullinn.

Kastaniufylling

1 dós kastaníumauk
100 gr sveppir – hakkaðir
Salt
Sérrý
Öllu blandað vel saman



Píparkökuhús
Píparkökur
Píparkökudeig

MOSFELLINGUR

Frábær tilboð á gjafavöru fyrir jólin

Nýtt á Pílus Við sendum SMS skilaboð í GSM símann þinn 1-2 klukkustundum áður en þú átt að mæta.

Tilboð Þessa dagana erum við með 20% afslátt af barnaklippingum.

Munið Panta tímanlega fyrir jólin og við sendum þér SMS skilaboð 1-2 klukkustundum áður en þú átt að mæta.



Opið: mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og föstudaga 9-18, fimmtudaga 9-19 og laugardaga 9-14

Pílus
Hársnyrtistofa

Pílus hársnyrtistofa - Kjarna - Þverholti 2 - Sími 566 6090

30% AFSLÁTTUR

AF SÓTTUM PIZZUM

	9"	12"	16"	18"
1. MARGARITA Pizzusósa, ostur, oregano	730 511	1090 763	1390 973	1500 1050
2. BÆJARINS BESTA Pizzusósa, ostur, pepperone, laukur, hvítlaukur, grænir pipar, grænir ólífur, parmessanostur, ananas	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
3. KJÖTVEISLA Pizzusósa, ostur, nautahak, skinka, pepperone	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
4. MILANO Pizzusósa, ostur, pepperone, sveppir	1050 735	1590 1113	1990 1393	2200 1540
5. SUPRIME Pizzusósa, ostur, nautahak, skinka, pepperone, sveppir, paprika, laukur, ananas	1530 1071	2340 1638	2890 2023	3250 2275
6. SALVA Pizzusósa, ostur, skinka, pepperone, sveppir, laukur, grábaostur	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
7. HAWAII Pizzusósa, ostur, skinka, ananas	1050 735	1590 1113	1990 1393	2200 1540
8. PEPPERONE Pizzusósa, ostur, pepperone, laukur, ananas	1050 735	1590 1113	1990 1393	2200 1540
9. PIZZA GRÆN Pizzusósa, ostur, sveppir, þistilljörta, hvítlaukur, paprika, tómatar, grænir ólífur	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
10. OSTAVEISLA Pizzusósa, ostur, piparostur, grábaostur, camembert (þerjasúlla fylgir með)	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
11. PIZZA HAFSINS Pizzusósa, ostur, sveppir, túnfiskur, kræklingur, reikjur, hvítlaukur	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
12. PISA Pizzusósa, ostur, pepperone, sveppir, piparostur	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
13. AMERICANA Pizzusósa, ostur, nautahak, sveppir, paprika	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
14. EXTRA PEPPERONE Pizzusósa, ostur, hvítlaukur skammtur af pepperone, auka ostur	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
15. MEXICO Pizzusósa, ostur, nautahak, gular baunir, jalapeno, paprika, laukur	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
16. GRÆNMETISPIZZA Pizzusósa, ostur, sveppir, laukur, paprika, tómatar, gular baunir	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
17. NAPOLI Pizzusósa, ostur, skinka, sveppir, paprika, hvítlaukur	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
18. 270 Pizzusósa, ostur, skinka, sveppir, aspás, piparostur	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
19. ETNA Pizzusósa, ostur, pepperone, sveppir, laukur, ferskur chilli, jalapeno, svartur pipar	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
20. ROMA Pizzusósa, ostur, skinka, ananas, beikon	1210 847	1840 1288	2290 1603	2550 1785
21. PSR Pizzusósa, ostur, pepperone, sveppir, rjómaostur, sv. ólífur, sv. pipar	1370 959	2090 1463	2590 1813	2900 2030
22. KRYDDPIZZA (kryddbrauð) Ólífuolía, ostur, kryddblandi	730 511	1090 763	1390 973	1500 1050
23. HVÍTLAUKSPIZZA Ólífuolía, ostur, hvítlaukur, hvítlaukskrydd	730 511	1090 763	1390 973	1500 1050



Starfsfólk óskast

Óskum eftir að ráða starfsfólk í kvöld- og helgarvinnu.

Umsóknareyðublöð og upplýsingar á staðnum

SPURNING TIL BÆJARBUA

Uppáhalds
jólalag?




HILMAR:
Ef ég nenni, með Helga Björns.



EIRÍKUR: White Christmas með
Bing Crosby



AGNAR NORLAND:
Heims um ból



SIGRÚN OG STEFÁN:
Jingle Bells



CARMEN:
All I want is Christmas



SÓLVEIG:
Jólasveinar einn og átta



Bling bling



Til í hard rock



Addi klár í slaginn



Í takt við tímann




Gunni klikkar ekki



Beðið eftir nýju ári



Hallur fimmtugur og alsæll



Nú liggja Danir í því



Stemning í sveitinni

HVERJIR VORU HVAR?

Allar myndir eru vel þegnar - mosfellingur@mosfellingur.is



Rauði herinn



Bibba og glámarnir



#270 Krossaraparið



Hanna kveður eftir 10 ár að Varmá



Í rétta dressinu



Skál



Hæ mambó...




Upp eða niður?



Frumbygginn



Karl í krapinu



Kiss kiss




Wham eða Duran?



'85 er málið



Rúskí karamba



Hvað er í gangi?



Hvað er að fréttu af Toby?



Systkinin í nýjstu tísku

**HÖFUÐ, HERÐAR,
HNÉ OG TÆR**



Jói hress



Góð uppskera í Dalnum



BÆJARFULLTRÚAR MOS
ÞEIM ER ÝMISLEGT TIL LISTA LAGT

TVÍFARAR



MATTI



BOB MARLEY

DAUÐASYNDIRNAR 7

Hver man ekki eftir myndinni Seven eða dauðasyndirnar sjö! Meistara stykki þar á ferð. Hún segir frá manni sem fremur morð eftir dauða syndunum sjö en ég ætla ekki að fara nánar í söguþráð þeirrar myndar, bara ef þú ert ekki búin að sjá hana þá er komin tími til. Dauða syndirnar voru notaðar sem lexiur og predikanir á miðöldum og voru margir myrtir í guðs nafni þessara synda.

Dauðasyndirnar sjö eru græðgi-ágrind-leti-heift-stolt-losti og öfund, ekki endilega í þeirri röð. En hvernig koma þessar dauðasyndir fyrir í okkar nútímasamfélagi! Og munum við brenna í helvíti eftir okkar daga, fyrir þá sem trúá þessu, eða á að refsá okkur fyrir þessar syndir meðan við lifum. Ég held með nokkurri vissu að flestir ef ekki allir sem komin eru aðeins yfir tvítugt og jafnvel yngri hafi margbrotið þessar syndir sjö.

GRÆÐGI: Ef þú færð þér tvo bita af frönskum eftir að þú ert sadur...það er græðgi ekki satt!

ÁGRIND: Allir þeir sem eiga nóg af pening en halda áfram að vinna til að græða meira en þeir þurfa. Þar með þurrkast út toppar viðskiptalífsins með einni synd.

LETI: Þegar maður liggur t.d. uppi í sófa á laugardegi þegar nóg er að gera en maður liggur bara í leti, á að refsá fyrir það!

HEIFT: Hver hefur ekki sagt eitthvað eða gert t.d. særandi við einhvern í reiði eða heift. Öll erum við mannleg ekki satt.

STOLT: Stoltur af flottu einkunnum? Nei kallin alveg bannað...

LOSTI: Að horfa á einhverja eða einhvern sem er giftur eða lofaður að öðru leiti, og hafa lostafullar hugsanir um þá persónu þó að þú vitir að sá er frátekin.

ÖFUND: Ég fór í matarboð um daginn og þau hjónin áttu mjög fallegt hús ég öfundaði þau svolfíð...úps.....eða þann sem vann 15 milljónir í lottóinu.

Sem betur fer er engin hér á landi sem fer bókstaflega eftir svona aldagömlum bókum eða ritum. Þau hafa að mörgu leiti mjög fallegan boðskap og reglur sem við ættum að lifa eftir en við verðum bara að velja það jákvæða frá bullinu.

Bækur eða rit sem eru komnar úr öllu samhengi við þau gildi sem nútíminn hefur.

Eða hvað.....



Högni Snær

SMÁAUGLÝSINGAR

FRÍTT FYRIR EINSTAKLINGA

Húsnæði óskast

Við erum 3 manna fjölskylda og við erum að leita að 2-4 herbergja íbúð frá 15. des. Viljum helst vera í Mosfellsbæ og nágrenni. Reglusöm, reyklaus, engin gæluþýr, skilvísar greiðslur. *Upplýsingar í síma 6605929*

Sófasett til sölu

Sófasett til sölu 3+1+1 vel með farið, kirsuberjaviður og blátt ákl. + nokkrir púðar Kr.39.000. s- 661-7597

Fótboltaspil til sölu

Frístandandi fótboltaspil með stöngum deluxe model til sölu kr.12.000 s- 661-7597 eða 661-7597

Íbúð til leigu

4 herbergja íbúð-parhús laus. Leigist með mublum eða eftir samkomulagi. *Sími 866 66 84 Albert*

Nudd er góð heilsubót

Svæðameðferð, háls- og höfuðnudd.

Nudd er áhrifaríkt, bætir blóðrás, styrkir, hreinsar, slakar og gefur góða hvíld.

*Guðlaug H. Kristjánsdóttir
sjúkraliði og félagi í SSOVÍ*

Nuddstofa Guðlaugar,
Helgugrund 8, Kjalarnesi,
867-9940 e.h.

ÍSHAMAR

Alhliða trésmíði

Álafossvegur 27 - s. 586 8356 (verkstæði) - fax 586 8357
s. 894 0006 (Gunnar) - ishamar@ishamar.is



BLÓM GLEÐJA

*Hlin
Blómahús*

Mosatorgi, Mosfellsbæ - S. 566 8700



Kaffi- og veitingahús - Háholti 12 - S. 586 8040



Viltu betri heilsu?
Leitaðu til ráðgjafa
með reynslu

Ragnheiður Jóhannsdóttir
Hertalífe ráðgjafi í Mosfellsbæ
Sími: 889 9913
betriheilsa.is/ragga, raggasj@gmail.com



Biggi & Máni



LAUGARDAGSKVÖLDIÐ
01.12.07





Alltaf til taks

Björgunarsveitin Kyndill í Mosfellsbæ er aðili að Slysavarnarfélaginu Landbjörg. Í björgunarsveitinni stafa tugir sjálfbóðaliða sem eru alltaf til taks ef út af bregður, allan ársins hring.



Litlikriki - raðhús

Glæsilegt og vel skipulagt 280 fm raðhús á tveimur hæðum og frábæru útsýni. Húsið afhendist fullbúið að utan en fokhelt að innan. Afhending í nóv. 2007 Mótandi ehf. Traustur Byggingaraðili

V. 36,2 m.



Háholt

Glæsilegar 91-95 fm íbúðir í nýju og full frágengnu fjölbýli við Háholt í Mosfellsbæ. Húsið er klætt steinflisum að utan og glæsilegur frágangur að innan með með vönduðum innréttingum og tækjum þar sem engu er til sparað. Verð frá 27-29 millj.



Klapparhlíð

Ný á skrá. Falleg 91 fm. íbúð á 3. hæð í glænýju fjölbýli fyrir 50 ára og eldri. Sér inngangur og vönduð gólfefni auk innréttinga. Stórar svalir í suður. Opið í eldhús úr stofu. Eitt rúmgótt svefnherbergi. Lyfta. Topp frágangur. V. 26,9 m.



Litlikriki - tvö hús laus

Fjögur raðhús á einni hæð með mikilli lofthæð á frábærum stað efst í hlíðum Litlakrika. Húsin eru 207 fm og afhendast tæplega tilbúin til innréttinga auk timburverandar.

Verð frá 41 millj.



Tröllateigur - með auka íbúð

Mjög falleg 194,2 fm. íbúð á tveimur hæðum við Tröllateig í Mosfellsbæ. Vandaðar innréttingar, allt fyrsta flokks. Góð lóð og fallegt útsýni. Sér inngangur í íbúð á neðri hæð. Hentar vel fyrir tvær fjölskyldur. V. 44,7 m.



588 55 30

Pétur Pétursson
löggiltur
fasteignasali
897-0047



Grétar J. Stephensen
löggiltur
fasteignasali
861-1639



Akraland

Mjög mikið endurnýjað 214 fm 2ja hæða einbýli í landi Akra í Mosfellsbæ. Í húsinu eru vandaðar innréttingar og tæki. Húsið er á fallegum stað inn við Reyki fyrir botni dalsins. Stutt í óspillta og ósnortna náttúru. Stór 1700 fm. eignarlóð.



Skeljatangi

Gullfalleg og mikið endurnýjuð 84,9 fm endaíbúð á 1. hæð með stórra vernd og sér inngang. Vandaðar innréttingar, gólfefni og innréttingar.

V. 24,7 m.



Leirutangi

Mjög falleg og mikið endurnýjuð 92,3 fm. íbúð á jarðhæð með sér inngangi í fjór- býlishúsi við Leirutanga. Nýtt baðherbergi. Nýtt eldhús. Parket á gólfum. Sér garður. Falleg eign í barnvænu umhverfi.



Flugumýri - laust fljótlega

Nýtt í sölu. 275 fm. atvinnuhúsnæði með skrifstofu- kaffi og hreinlætisaðstöðu. Mikil lofthæð og tævar góðar 4,5 m. háar vinduhurðir. Malbikað bílapan og athafnasvæði. Laust um áramót. Góður frágangur.